



Langholtsskóli – heildarmat á skólastarfi

Október 2008
Menntasvið Reykjavíkur

Ritstjóri: Birna Sigurjónsdóttir

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Ásgeir Björgvinsson

Birna Sigurjónsdóttir

Guðrún Edda Bentsdóttir

Nanna K. Christiansen

Hildur Sigurðardóttir

Hildur Björk Svavarsdóttir

Efnisyfirlit

.....	1
Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
Mat á skólastarfi	5
Skólastarf.....	7
Nám og kennsla	7
Markmið og áætlanir	7
Skipulag skólastarfs.....	8
Nemendur og líðan	9
Félagslíf og skemmtanir	9
Stjórn nemendafélags	10
Reglur og agi	10
Viðvera nemenda.....	11
Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi	11
Upplýsingamiðlun og samskipti	13
Verklag	15
Fjölbreyttar leiðir í námi	15
Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna	15
Námsmat.....	17
Skóli án aðgreiningar - sérkennsla	18
Einhverfudeild Langholtsskóla	20
Skólaþróun og mat	21
Virk upplýsingamiðlun.....	22
Heimasíða.....	22
Skólanámskrá og starfsáætlun	23
Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi	23
Mannauður	25
Starfsmenn og líðan.....	25
Samstarf.....	26
Samstarf við foreldra	27
Jafnrétti og jafnræði	27
Aðbúnaður:.....	27
Viðvera starfsmanna.....	28
Símenntun og starfsþróun.....	28
Stjórnun og skipulag.....	29
Fjármál	32
Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun	32
Fjárhagsleg staða skólans	32
Greining.....	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Samantekt ábendinga.....	33
Heimildir	37
Fylgiskjöl.....	37

Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Langholtsskóla sem fram fór í september 2008. Matið var framkvæmt af starfsfólki Menntasviðs. Langholtsskóli var einn af sjö skólum þar sem Menntasvið ákvað að fram færi heildarmat á skólastarfi skólaárið 2008-2009. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum ásamt því að farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: ***Að börnum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.***

Matið er liður í að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum er höfð til viðmiðunar í matinu auk annarra ramma um skólastarf, laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar borgarinnar í starfsmannamálum og mannréttindamálum.

Langholtsskóli er heildstæður grunnskóli þar sem „stöðugt er leitað leiða til að koma til móts við alla nemendur. Fjölbreytni í kennsluháttum gefur nemendum kost á að nálgast viðfangsefni sín frá ýmsum hliðum. Við gerum miklar kröfur til nemenda skólans og til okkar sjálfra. Um leið leggjum við áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag þar sem öllum líður vel.“ (Handbók Langholtsskóla 2008-2009.)

Skólastjóri Langholtsskóla er Hreiðar Sigtryggsson og aðstoðarskólastjóri er Sesselja A. Eyjólfsdóttir. Langholtsskóli er heildstæður grunnskóli fyrir nemendur 1.-10. bekkjar. Nemendur Langholtsskóla eru 542 skólaárið 2008-2009 sem er tæplega 80% af fjölda nemenda sem á lögheimili í skólahverfinu. Samkvæmt nemendaspá er gert ráð fyrir að nemendafjöldi haldist nær óbreyttur næstu fimm ár. Í skólanum eru 89 starfsmenn skólaárið 2008-2009 í um 79,4 stöðugildum, þar af kennarar í um 54 stöðugildum. Samkvæmt þessu eru um 6,8 nemendur á hvert stöðugildi sem er aðeins lægra hlutfall en í borginni í heild að meðaltali. Ef aðeins er miðað við kennara í Langholtsskóla eru um 10 nemendur á hvert stöðugildi.

Sérdeild fyrir einhverfa nemendur er starfrækt í Langholtsskóla. Í deildinni eru 9 nemendur skólaárið 2008-2009 og 7,5 starfsmenn.

Langholtsskóli tók til starfa í nýju skólahúsi haustið 1952. Byggt var við skólann í áföngum frá 1963-1977. Nemendafjöldi fór mest í um 1200 nemendur árið 1958, á árunum 1960-1980 sveiflast nemendafjöldi frá 700-1100 nemendur. Eftir 1980 virðist hverfið komið í jafnvægi með 500-600 nemendur. Byggður var fjölnotasalur og eldhús við skólann á árunum 2004-2005 og mötuneyti tekur til starfa í desember 2005. Í framhaldinu voru hafnar endurbætur á eldra húsnæði, m.a. fyrir list- og verkgreinar. Endurbótum er ekki lokið. Áætlað er að byggja við skólann á næstu árum húsnæði fyrir félagsstarf og frístundaheimili. Heildarstærð skólans er nú um 6.300m² án íþróttasalar.

Mat á skólastarfi

Ákvæði um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs er í 35.gr nýrra grunnskólalögum nr. 91/2008, þar segir: Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskóla eru að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

Ákvæði um innra mat er í 36. gr. laganna, en þar segir: „Hver skóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.“

Nýtt ákvæði um ytra mat sveitarfélaga er í 37.gr., þar segir: „Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalda, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu leitast við að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.“

Um ytra mat menntamálaráðuneytis er fjallað í 38. gr., þar segir m.a.: „Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólalag í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs. ...“

Menntaráð ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 skólum á ári. Skipaður var stýrihópur starfsmanna á Menntasviði ásamt ráðgjafa til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra. Heildarmat fór fram í einum grunnskóla á vorönn 2007 og í 6 grunnskólum skólaárið 2007-2008. Áætlað er að heildarmat fari fram í 7 grunnskólum á skólaárinu 2008-2009.

Markmið heildarmats

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

Stýrihópurinn hafði til hliðsjónar eftirfarandi ferli sem mótað hafði verið í vinnu starfshóps á vegum menntaráðs og notað við heildarmat í 7 grunnskólum skólaárið 2007-2008.

Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex til sjö vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- Ákvörðun tekin um athugun í skóla vika 1
- Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn vika 1
- Upplýsingum safnað saman/prófill skólans/heimasíða skoðuð vika 1

- | | |
|--|-------------|
| • Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki | vika 2 |
| • Vettvangsathuganir, rýnihópar | vika 3 |
| • Úrvinnsla og skýrslugerð | vika 4-5 |
| • Skóla gefst færi á að lesa yfir skýrslu | vika 5 |
| • Skýrsluskil – formleg | vika 6 |
| • Upplýsingar til menntaráðs | í lok annar |

Frekari eftirfylgni ræðst af niðurstöðum matsins.

Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara, fundur með foreldraráði, fundur með nemendaráði
- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar (tveir til þrír hópar), annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir til þrír hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
 - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum
 - Athugun í skóla
 - Athugun í skólastofu
- Farið yfir gögn:
 - Skólanámskrá (nýjustu útgáfu) þ.m.t.
 - Skipurit og starfslýsingar
 - Mannréttindaáætlun
 - Áætlun um foreldrasamstarf
 - Áætlun um starf nemendaráðs/nemendafélags
 - Yfirlit yfir forföll nemenda og kennara fyrir vorönn 2008
 - Sjálfsmatsskýrsla og umbótaáætlun
 - Heimasíða skólans
 - Stundaskrár 2008-2009 og yfirlit yfir valgreinar (kenndar)
 - Kennsluáætlanir 2008-2009 – sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi
 - Símenntunaráætlun skóla (nýjustu útgáfu)
 - Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
 - Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Gerð verður ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Drög að skýrslu verða send skólastjórnendum sem geta gert athugasemdir en ekki breytt skýrslunni nema rangt sé með farið.
- Fundað með skólastjórnendum og með foreldraráði og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins.

Frekari eftirfylgni ef þörf er á:

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá Menntasviði eða þjónustumiðstöðvum.

Samantekt niðurstaðna og greining á stöðu skólans verður opinbert skjal en skýrslan verður vinnuskjal skólans.

Skólastarf

Nám og kennsla

Skimanir og árangur í samræmdum prófum

Lesskimunarprófið Læsi var lagt fyrir í 2. bekk vorið 2008 og var niðurstaða þess að tæp 54% nemendahópsins töldust geta lesið sér til gagns¹ en meðaltal í grunnskólum Reykjavíkur var um 67%. Meðalárangur nemenda í 2. bekk Langholtsskóla var 66% en meðalárangur allra nemenda í Reykjavík sem þátt tóku í prófinu var tæp 72%. Þegar prófið var lagt fyrir 2. bekk vorið 2006 var Langholtsskóli með meðalárangurinn 65% og þá gátu 61% nemenda lesið sér til gagns.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Árangur nemenda í lestri í 2. bekk 2008 er lakari en meðalárangur í grunnskólum Reykjavíkur. Sama á við um árið 2006.
- Sóknarfæri er fyrir skólann að bæta árangur nemenda í lestri.

Stærðfræðiskimun með Talnalykli var ekki lögð fyrir nemendur í 3. bekk Langholtsskóla árið 2007. Langholtsskóli hefur ekki verið þátttakandi í stærðfræðiskimun grunnskóla Reykjavíkur. Þegar Talnalykill var lagður fyrir nemendur í 24 grunnskólum borgarinnar nóvember 2007 var meðalárangur nemenda í þættinum Reikningur og aðgerðir mælitalan 10.8. 68% nemenda sem tóku þátt fóru aðeins í þann prófþátt og teljast ekki líklegir að þurfa stuðning í stærðfræði. Miðað við niðurstöður skimunar árið 2007 teljast um 7% nemenda meðaltali í grunnskólum Reykjavíkur líklegir að þurfa stuðning í stærðfræði.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Langholtsskóli hefur ekki verið þátttakandi í stærðfræðiskimun grunnskóla Reykjavíkur.

Samræmd próf – framfarastuðull²

Framfarastuðull nemenda í Langholtsskóla 2006 er 1.00 í íslensku í 10. bekk sem telst venjulegar framfarir nemenda, í stærðfræði í 10. bekk er framfarastuðullinn 1.02 sem eru einnig venjulegar framfarir nemenda. Í íslensku í 7. bekk og í stærðfræði í 7. bekk er framfarastuðullinn 1.00 sem telst venjulegar framfarir nemenda (sjá nánar í fylgiskjali 1, Langholtsskóli og skólahverfi).

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Nemendum fer eðlilega fram í námi í íslensku og stærðfræði milli 7. og 10. bekkjar og milli 4. og 7. bekkjar samkvæmt framfarastuðlum í samræmdum prófum.

Markmið og áætlanir

Markmið einstakra greina eru sett fram í náms- og kennsluáætlunum fyrir skólaárið. Námskrár og kennsluáætlanir eru hluti af skólanámskrá skólans og eru kynntar foreldrum í námskynningum að hausti og eru einnig birtar á heimasíðu skólans. Í þeim eru kynnt

¹ Þeir nemendur teljast geta lesið sér til gagns sem ná a.m.k. 65% árangri á prófinu.

² Framfarastuðull gefur vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því árgangurinn preytti samræmd próf fyrr á námsferlinum. Talan 1.00 merkir venjulegar framfarir nemenda. Tölur 0.94 eða lægri og 1.06 eða hærri benda til mikilla breytinga á stöðu nemenda.

markmið, kennsluhættir/nám og kennsla fyrir hverja grein og fyrir hvern árgang í 1.-7. bekk og eftir greinum í 8.-10. bekk. Í sumum greinum er einnig fjallað um heimanám og námsmat.

Meginreglan er að kennarar setja markmið og gera kennsluáætlanir til viku í senn og senda heim fyrir hvern mánuð. Á þessum áætlunum er tilgreind vinna í skóla og vinna heima, sums staðar er aðeins um að ræða heimavinnuáætlun. Frá 6. bekk er send áætlun fyrir hverja grein fyrir önnina þar sem helstu námsþættir og yfirferð í námsbókum fyrir hverja viku kemur fram. Nemendur gera sér ekki eigin námsáætlanir.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Námskrár og kennsluáætlanir fyrir árganga í öllum greinum eru birtar á heimasíðu skólans, þær eru hluti af skólanámskrá og eru kynntar foreldrum í námskynningum að hausti.
- Kennsluáætlanir og/eða heimavinnuáætlanir eru gerðar fyrir hvern mánuð og afhentar nemendum og foreldrum.
- Nemendur gera sér ekki eigin námsáætlanir.

Skipulag skólastarfs

Skólinn er opnaður kl. 7:45 alla virka daga. Kennarar í 1.-7. bekk opna bekkjarstofur kl. 8:05 og kennsla hefst kl. 8:10 að morgni. Stundataflan er skipulögð í 80 mínútna lotur. Frímínútur eru 20 mínútur milli 2. og 3. stundar og 15 mínútur auk matarhlés milli 4. og 5. stundar, 10-20 mínútna hlé er einnig milli 7. og 8. stundar. Borðað er í matsal í fjórum hópum á bilinu 11:10-13:10. Nemendur í 8.-10. bekk hafa einnig aðgang að matsal í frímínútum að morgni og geta borðað nesti eða keypt sér samlokur.

Skoðaðar voru stundatöflur nemenda. Á töflu 1. bekkjar eru skráðir 30 tímar og að auki 25 mínútna matarhlé alla daga. Á töflu 2.-7. bekkja eru skráðir 34-37 tímar og að auki 25 mínútna matarhlé alla daga. Í 8. bekk eru 37 nemendatímar á töflu, í 9. og 10. bekk 31-32 nemendatímar, þar koma til viðbótar valgreinar einstakra nemenda.

Bekkjarkennarar kenna flestar eða allar bóklegar greinar í 1.-7. bekk, bekkurinn á sína bekkjarstofu og lögð er áhersla á samvinnu nemenda og kennara í árgangnum í smiðjum og hringekjum. Greinakennsla einkennir skipulagið í 8.-10. bekk, hver grein og kennari eiga sína stofu og nemendur fara á milli. Umsjónarkennari í unglingadeild hefur þó oftast fleiri tíma með bekknum og fastur umsjónar- eða lífsleiknitími er á töflu.

List- og verkgreinar eru kenndar í svokölluðum smiðjum. Smiðjur hafa fasta tíma á töflu nemenda, 4 tíma í viku. Hverjum árgangi er skipt í 12 barna hóp og fá hóparnir samfelld 4 tíma í viku í hverri grein, myndmennt, textíl, smíði og heimilisfræði fjórðung skólaársins eða um 7 vikur. Í stórum árgöngum eru allt að 7 hópar og er þá bætt við viðfangsefnum, s.s. taflkennslu, badminton. Tónmennt er kennd í 1.-6. bekk, 1-2 tímar á viku á þessu skólaári en nokkurt hlé hefur verið á tónmenntakennslu við skólann vegna þess að ekki fékkst kennari. Stofur eru almennt læstar í unglingadeild og opnar kennari fyrir nemendum til að hleypa þeim inn. Nemendur yngri deilda fara út í frímínútur. Nemendur í 8.-10. bekk þurfa ekki að fara út í frímínútur, en geta dvalið á opnu svæði þar sem komið hefur verið fyrir nokkrum sófum. Verið er að vinna að endurbótum á skólalóðinni.

Nemendur og líðan

Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur árið 2007 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum var niðurstaðan í Langholtsskóla sú að 63% nemenda svöruðu að þeim líði alltaf eða oftast vel í kennslustundum. Það er nokkuð lægra en meðaltal allra grunnskólanna sem er 69% (sjá nánar í fylgiskjali 1, Langholtsskóli og skólahverfi). Skólinn hefur unnið í verkefni Olweusar gegn einelti sl. 3 ár. Samkvæmt könnun sem lögð var fyrir nemendur í nóvember 2007 líður stærri hóp nemenda mjög vel en árið áður, hlutfallslega færri merkja þó við að þeim líði vel. Hlutfallslega færri segja að þeim líði illa eða mjög illa. Einelti hefur þó aukist um 3% milli ára, en áður hafði dregið úr því. Einelti meðal stúlkna hefur aukist. Í skýrslu um Olweusarverkefnið 2007-2008 kemur fram hvað gekk vel og hvað þarf að laga, þar kemur fram að stýrihópur var ekki stofnaður né eineltisteymi og bent er á að starfsmenn þurfi að fylgja betur eftir málum.

Í rýnihópum nemenda á miðstigi og unglingastigi kemur fram að þeim líði ekki alltaf vel í skólanum. Yngri nemendum „líður bara vel“ og tala um að krakkarnir í bekknum séu góðir vinir. Nemendur á miðstigi eru ósátt við að þurfa alltaf að fara út í frímínútur hvernig sem viðrar og finnst lítið við að vera á skólalóð, en eru líka meðvituð um að það stendur til bóta. Nemendur á unglingastigi benda á dæmi um einelti sem ekki sé tekið á þó þau hafi látið vita af því.

Nemendur tala vel um kennarana en eru gagnrýnin á suma þeirra sem ekki útskýra nógu vel, aðrir eru strangir „og þá þorir maður ekki að spyrja aftur“ og enn aðrir „hafa ekki tök á krökkunum“. Skemmtilegast finnst nemendum í íþróttum og listasmiðju „skemmtilegt að gera alls konar hluti“.

Foreldrar í rýnihópi nefna að börnin hlakki til að fara í skólann og að skólastarfið hafi farið batnandi undanfarin ár. Viðhorf starfsmanna til nemenda er jákvætt að mati foreldra og stöðugleiki í starfsmannahópnum. Gangbrautarvörðurinn er nefndur sérstaklega sem „besti gangbrautarvörður í heimi“.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- 63% nemenda í 5.-7. bekk líður alltaf eða oftast vel í kennslustundum skv. könnun 2007 sem er undir meðaltali í borginni (69%).
- Einelti hefur aukist um 3% milli ára skv. könnun, en áður hafði dregið úr því.
- Yngri nemendum líður almennt vel í skólanum en eldri nemendum ekki alltaf.
- Nemendur tala vel um kennarana sína, en eru gagnrýnin á suma þeirra.
- Skemmtilegast finnst nemendum í íþróttum og listasmiðju.

Félagslíf og skemmtanir

Í *Handbók Langholtsskóla* er fjallað um félagsstarf nemenda. Nemendaráð sem er skipað fulltrúum 8.-10. bekkja er valið að hausti og starfar undir leiðsögn félagsmálakennara. Nemendaráð skipuleggur félagsstarf unglingadeildar, heldur opin hús og böll og árshátíð. Ráðið gerir starfsáætlun og skipuleggur þátttöku í ýmsum uppkomum s.s. Skrekk.

Samstarf er við ÍTR um félagsstarf í hverfinu og stundum eru haldin sameiginleg böll fyrir grunnskólana þrjá.

Félagsstarf yngri nemenda er skipulagt af bekkjarfulltrúum í samvinnu við umsjónarkennara. Gert er ráð fyrir tveimur bekkjarkvöldum í hverjum bekk á skólaárinu. Nemendaráð stendur fyrir a.m.k. tveimur dansleikjum fyrir 6. og 7. bekk á ári segir einnig í *Handbókinni*.

Stjórn nemendafélags

Ekki hefur verið kosin stjórn nemendafélags fyrir skólaárið 2008-2009 í september þegar mat fer fram og ekki búið að kjósa formann.³ Í rýnihópi voru fulltrúar nemendaráðs. Á síðasta skólaári buðu sig fram 7-10 nemendur til starfa í ráðinu og kosið var í hverjum árgangi undir stjórn kennara. Það er eftirsóknarvert að vera í nemendaráði og margir bjóða sig fram.

Nemendaráð hefur fundað á tveggja vikna fresti, klukkutíma í senn með þeim kennurum sem halda utan um starfið. Nemendaráð fundaði ekki með skólastjórnum og fjallaði ekki um skólastarf eða faglega þætti. Ráðið hefur skipulagt félagsstarf í skólanum aðallega skemmtanir og samstarf hefur verið við félagsmiðstöðina í hverfinu. Settar eru af stað nefndir til að undirbúa árshátíð og þátttöku í Skrekk sem fer fram undir stjórn ÍTR. Skólinn vann Skrekk fyrir tveimur árum og eru þau stolt af því. Gert er ráð fyrir að stjórn nemendafélags fylgi vinnulagi nemendaráðs.

Nemendur vilja meira félagslíf og fleiri böll en einnig fjölbreyttara starf, s.s. stuttmyndagerð, vídeókvöld og kósíkvöld. Þeim finnst skólastjóri ekki sýna starfi þeirra áhuga, setja út á það sem gert er og ekki vilja setja pening í félagslífið.

Nemendalýðræði er hugtak sem nemendur virðast ekki kunna skil á. Í rýnihópi nemendaráðs kemur fram að nemendur af erlendum uppruna bjóða sig ekki fram til starfa en taka þátt í félagsstarfinu til jafns við aðra.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Í september hefur ekki verið kosið í stjórn nemendafélags fyrir skólaárið 2008-2009.
- Nemendaráð hefur ekki fundað með skólastjórnum eða fjallað um skólastarf og faglega þætti.
- Virkja þyrfti stjórn nemendafélags í skólastarfinu og vinna að auknu nemendalýðræði.

Reglur og agi

Nemendur þekkja vel skólareglurnar og fara almennt eftir þeim, þetta kemur fram í rýnihópum nemenda og kennara. Skólareglurnar eru birtar í *Handbók Langholtsskóla* undir yfirskriftinni: Svona gerum við í Langholtsskóla. Handbókin er afhent nemendum og foreldrum að hausti. Í reglunum er tilgreint á jákvæðan hátt hvernig nemendum ber að hegða sér í skólanum. Einnig eru birtar skólasóknarreglur og viðbrögð við slakri skólasókn. Fram kemur að nemendur í unglingadeild sem fá 10 í skólasóknareinkunn í lok annar mega eiga von á umbun. Einnig er lýst hvað gerist ef nemendur velja að fara ekki eftir reglum skólans. (Sjá fylgiskjal; gátlisti um skólareglur.)

Í flestum stofum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og vinnufriður og ró var reglan (sjá nánar vettvangsathuganir, fylgiskjal).

³ Tengist e.t.v. breytingum á lögum um grunnskóla þar sem nemendaráð er ekki lengur kosið heldur skal starfa nemendafélag og stjórn þess kosin. Nemendur fá aðild að skólaráði með tveimur fulltrúum.

Kennarar bregðast við óæskilegri hegðun eða broti á skólareglum með því að ræða einstaklingslega við nemanda. Við endurtekin brot beinir kennari nemanda til deildarstjóra eða aðstoðarskólustjóra. Erfiðustu málin fara til skólustjóra til úrlausnar, leitað er stuðnings hjá þjónustumiðstöð og málin leyst í samráði við foreldra. Að mati rýnihóps um sérkennslu vantar að marka stefnu skólans í hegðunarmálum og setja í skýrari farveg hvernig tekið er á málum.

Bekkjarreglur eru uppi við í sumum skólastofum en ekki öllum. Að mati nemenda er almennt vinnufriður í tímum en þó er stundum hávaði „krakkar tala mikið“. Þetta kemur einnig fram í vettvangsathugunum, almennt er ró, en við verkefnaskipti og/eða lok tíma verður stundum órói og klišur sem kennari tekur yfirleitt á af festu. Hjá nemendum í unglingadeild kemur fram að vinnufriður fari eftir kennurum og virðingu sem borin er fyrir þeim.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Nemendur þekkja skólareglur og virða þær.
- Bekkjarreglur eru uppi við í sumum skólastofum en ekki öllum.
- Almennt er góður vinnufriður og agi í kennslu, en órói skapast við verkefnaskil.
- Marka þarf skýrar stefnu skólans í hegðunarmálum og setja í skýrari farveg hvernig tekið er á málum.

Viðvera nemenda

Farið var yfir forföll nemenda á vorönn 2008 eftir bekkjum. Reiknað var hlutfall miðað við heildartímafjölda á önninni. Fjarvistir (óheimilar) voru hlutfallslega hæstar í öðrum 10. bekknum og öðrum 8. bekknum. Í sömu bekkjum var einnig hlutfallslega mest um leyfi og veikindi.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Skoða þarf hvað veldur því að einstaka bekkir skera sig úr með viðveru og hvort tengsl eru við árangur nemenda.

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

Helstu niðurstöður könnunar á viðhorfum foreldra til skólastarfs vorið 2008 eru þær að 83% foreldra barna í Langholtsskóla segjast vera ánægð með skóla barnanna, þar af segjast rúm 27% vera mjög ánægð. Ánægja foreldra í Langholtsskóla mældist um 50% í fyrstu foreldrakönnuninni árið 2000, en óx mikið í könnunum 2002 og 2004. Ánægjan hefur haldist svipuð í könnunum tveimur síðan, þ.e. rúm 80%. Meðaltalsánægjan núna fyrir árið 2008, er aðeins lægri en árið 2006, eða 4,1 á móti 4,2, en sá munur er ekki marktækur. Meðaltalsánægjan í borginni allri fyrir árið 2008 er 4,0 og Langholtsskóli er því fyrir ofan meðaltal.

Í foreldrakönnuninni vorið 2008 svöruðu 119 foreldrar eða forráðamenn í Langholtsskóla könnuninni, sem þýðir að upplýsingar fengust vegna 119 barna í skólanum af 560. Svarhlutfall foreldra barna í Langholtsskóla var gott, eða yfir 80%, en meðaltalssvarhlutfallið fyrir alla grunnskólana í borginni var rúmlega 70%.

Í foreldrakönnuninni vorið 2008 segjast tæp 79% foreldra vera ánægð með stjórnunina, þar af rúmlega 36% mjög ánægð. Meðaltalsánægjan er 4,1 en var 4,3 árið 2006. Meðaltalið í borginni er 4,0 og ánægja foreldra í Langholtsskóla með stjórnunina því yfir meðaltalinu.

Ánægja foreldra með umsjónarkennara í skólanum er mikil, eins og reyndar er í borginni allri að meðaltali. Aðeins í spurningunni um upplýsingar frá umsjónarkennara um líðan og félagasanda í bekknum um umsjónarkennara er meðaltal skólans undir 4, en það sama á við um meðaltalið í borginni allri.

Svipaða sögu er að segja af mati foreldra á líðan barna sinna í Langholtsskóla. Þar er meðaltalið um og yfir fjórir í öllum spurningum nema í spurningunni um líðan barns á frístundaheimili en þar var meðaltalið 3,9 og undir meðaltalinu í borginni. Í rýnihópi foreldra kemur fram að þeir vilja koma starfi Frístundaheimilis inn í skólann en það er nú staðsett í Þróttheimum.

Ánægja foreldra í Langholtsskóla með húsnæði og aðbúnað skólans er oftast minni, og stundum töluvert minni, en meðaltalsánægjan með sömu þætti í borginni allri. Þetta á sérstaklega við um skólalóðina en í skólanum mælist meðaltalið vegna hennar undir tveimur, og er langt fyrir neðan meðaltal. Í opnum svörum voru margir foreldrar einnig harðorðir í garð leikaðstöðunnar á skólalóðinni. Í Langholtsskóla eru þó sóknarfæri hvað þetta varðar, þar sem byggingarframkvæmdir og endurbætur á skólalóð hafa staðið yfir undanfarin ár og standa enn yfir. Stórt stökk upp á við mælist vegna ánægju foreldra með aðstöðu barnanna til að matast, sé niðurstaðan 2008 borin saman við meðaltal í skólanum fyrir árin 2000-2006.

Hvað varðar spurningar þar sem Langholtsskóli er töluvert yfir meðaltali í borginni, má nefna að ríflega 47% svarenda í foreldrakönnuninni í skólanum, segjast verja 2-5 klst. á viku í að aðstoða barn sitt við heimanám, sem er tíu prósentustigum hærra en meðaltalið í borginni allri. Langholtsskóli er líka vel yfir meðaltali í spurningum um ánægju með seinasta formlega foreldraviðtal og ánægju með heimasíðu.

Fyrir utan mikla óánægju með skólalóðina, var áberandi í opnum svörum foreldra að þeir eru margir hverjir ánægðir með stjórnendur og upplýsingastreymi frá skólanum til foreldra.

Í rýnihópi foreldra kemur fram áhugi á að tengja tónlistarnám inn í skólann og koma á hljóðfærakennslu. Einnig vilja foreldrar tengja tómstundir unglinga betur við skólann.

Foreldraráð og foreldrafélag

Foreldraráð hefur fundað með skólastjórnendum 5-6 sinnum á skólaári. Fundir hafa verið boðaðir með dagskrá, farið er yfir skýrslur skólans, skóladagatal, áætlanir, ferðalög og kostnað, öryggismál o.fl. Skólastjóri veitti ráðinu reglulega upplýsingar um skólastarfið. Ráðið hefur einnig látið mötuneytismál til sína taka.

Foreldrafélagið skilgreinir sig sem tómstundafélag að sögn rýnihóps foreldra og er aðskilið frá foreldraráðinu með önnur verkefni. Bekkjarfulltrúar eru valdir í hverjum bekk, en stundum er erfitt að fá fólk til starfa. Foreldrafélagið ætti að stjórna þessu af festu, að mati rýnihóps. Samstarfið í bekk utan skólatíma er margskonar, s.s. dans, bingó, mála piparkökur. Virkni er mismunandi milli bekkja og ára.

Mjög slök mæting er á aðalfundi foreldrafélagsins, en ágæt mæting á bekkjarfundi almennt en þó slakari í ár en áður, rýnihópur foreldra bendir á að kennarar þurfa að upplýsa foreldra um nauðsyn þess að mæta á námsefniskynningar að hausti. Skólinn þarf að hvetja foreldra betur til að mæta á fundi til að efla samstarf foreldra og skóla, segja foreldrar í rýnihópi. Foreldrafélagið hefur séð um dagskrá á öskudag en ekki er mikil áhersla á að fá foreldra inn í skólann til samstarfs að öðru leyti.

Foreldrum er boðið í heimsókn í skólann 1-2 á ári, þá er verkefnavinna hjá nemendum og foreldrar koma inn í stofur og ganga um skólann. Að mati rýnihóps foreldra mætti gera meira af því að opna skólann fyrir foreldrum. Foreldrar fá afnot af skólahúsnæði fyrir utan skólatíma ef þau vilja gera eitthvað með nemendahópnum. Kennarar vita af starfsemi foreldrafélags en taka ekki endilega þátt.

Á heimasíðu skólans eru upplýsingar um hverjir skipa stjórn foreldrafélags, en engar upplýsingar um starfsemi þess né upplýsingar um skólaráð/foreldraráð. Fara þarf í handbók til að finna upplýsingar.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Í könnun vorið 2008 segjast 83% foreldra barna í Langholtsskóla vera ánægð með skóla barnanna sem er heldur hærra en í grunnskólum borgarinnar að meðaltali og mun hærra en þegar fyrst var mælt árin 2000 og 2002.
- Foreldrar telja æskilegt að gera meira af því að opna skólann fyrir foreldrum.
- Reglulegir fundir hafa verið með skólastjórnendum og foreldraráði.
- Engar upplýsingar eru um starfsemi foreldrafélags á heimasíðu skólans né upplýsingar um skólaráð/foreldraráð.

Upplýsingamiðlun og samskipti

Foreldrar eiga almennt í góðum samskiptum við kennara að mati rýnihóps foreldra, en þó mismunandi eftir kennurum sérstaklega í unglingadeild. Foreldrum mætir almennt gott viðmót í skólanum og þar ríkir sterkur starfsandi. Samskipti við stjórnendur hafa einnig verið góð að mati hópsins en fer þó misjafnt orð af því í einstaka tilvikum. Stjórnendur sjálfir meta það svo að foreldrasamfélagið standi með þeim.

Félagslegu vandamálin eru mörg að mati hópsins en það hefur ekki áhrif á skólann. Hverfið er eins og lítið þorp þar sem fólk heilsast á förunum vegi.

Umsjónarkennarar bera ábyrgð á samskiptum við foreldra. Kennarar hafa fastan viðtalstíma einu sinni í viku. Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári og góð mæting í þau, segja kennarar í rýnihópi. Að sögn foreldra í rýnihópi fer það eftir kennurum hve mikið samstarf og upplýsingamiðlun er milli kennara og foreldra „hver kennari hefur þetta í hendi sér“. Ekki er nógu gott að skólinn geri ekki athugasemd ef kennarinn hefur ekki áhuga á foreldrasamstarfi, að mati foreldranna. Sumir kennarar nota ekki Mentor til að miðla upplýsingum, tölvupóstinn mætti nýta meira til að senda foreldrum upplýsingar, s.s. minna á ferðir og starfsdaga. Upplýsingar til foreldra um félagsstarf í unglingadeild vantar alveg og það þarf að laga.

Í vinnustaðagreiningu 2007 sýna spurningar sem mæla viðhorf til samvinnu við foreldra nokkuð lægra gildi en í grunnskólum almennt. Spurningin „Þegar á heildina er lítið, hversu góð eða slæm eru samskipti þín við foreldra?“ fær gildið 4,19 í Langholtsskóla sem er nokkur lækkun frá fyrri mælingum árið 2005 og 2002 í skólanum og lægra en mælist í grunnskólum í heild árið 2007 (4,32).

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Foreldrum mætir almennt gott viðmót í skólanum og þeir eiga í góðum samskiptum við flesta kennara.
- Kennarar meta samskipti við foreldra nokkuð lægra en í grunnskólum almennt og lægra en í fyrri mælingum.
- Samstarf og upplýsingamiðlun milli kennara og foreldra er misjöfn eftir kennurum.
- Tryggja þarf að upplýsingamiðlun til foreldra sé regluleg, markviss og góð í öllum bekkjardeildum.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

Í Handbók Langholtsskóla kemur fram stefna Langholtsskóla. Byggt er á fimm meginstoðum Reykjavíkurborgar í menntamálum: Námi við hæfi hvers og eins – markviss samvinna. Skóli án aðgreiningar – jöfn tækifæri til náms. Jákvæð sjálfsmynd – góð andleg og líkamleg líðan. Sjálfstæði skóla – gæði og fagmennska. Náin tengsl skóla, foreldra og samfélags. Áhersla er lögð á að í skólanum sé sveigjanlegt og skapandi skólastarf og kennsluhættir fjölbreyttir og komið á móts við mismunandi þarfir, hæfileika og áhuga nemenda eins og kostur er. Skólinn ýtir undir sjálfstæði nemenda og frumkvæði. Stefnt er að því að auka ábyrgð nemenda á námi eftir því sem þeir eldast (Handbók Langholtsskóla 2008-2009, s. 5).

Í vinnustaðagreiningu 2007 svarar starfsfólk Langholtsskóla spurningunni „Hversu vel eða illa telur þú ganga að sinna einstaklingsbundnum þörfum nemenda í þínum skóla?“ að þeim gangi það álíka vel í skólanum og meðaltalsgildi úr grunnskólum í heild segir til um (3,43 í Langholtsskóla miðað við 3,42 í öllum grunnskólum). Svo virðist að kennarar telji sig geta sinnt einstaklingsbundnum þörfum nemenda aðeins betur nú en áður (3.02 árið 2005).

Í námskrám kemur fram áhersla á fjölbreyttar leiðir í námi sérstaklega í yngri deildum, sem dæmi kemur fram í námskrá 1. bekkjar að helstu kennsluáðferðir og kennsluhættir eru samvinnunám, leitarnám, söguáðferð, uppgötvunarnám, þulunám, hringekjuform og útikennsla. Reynt er að hafa námið sem fjölbreyttast og miða að því að hver einstaklingur fái kennslu við hæfi.

Kennslufyrirkomulagið verður í formi verkefna, rammavinnu og hópavinnu þar sem nemendur vinna oft á svæðum, segir í námskrá 7. bekkja. Í námskrá 8. bekkja segir, ætlast er til að nemendur beri aukna ábyrgð á námi sínu svo sem að skrá niður heimanám í skólakompu og að standa skil á því, fylgist með tilkynningum um skyndipróf og verkefnaskil og sýni sjálfstæði í umgengni og vinnubrögðum.

Í rýnihópi kennara kemur fram að markvisst hafi verið unnið að því að kennsluhættir verði fjölbreyttir „notum bara allar aðferðir sem til eru“. Minni áhersla er á einstaklingsmiðað nám að sögn kennara „fólki ekki gert kleift að vinna eftir þessu“, tímaleysi, stórir bekkir og enginn stuðningur eru hindranir sem nefndar eru. Kennsluhættir eru að mati foreldra í rýnihópi sambland af hefðbundnum og fjölbreyttum.

Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna

Almennt virðist skólinn kominn lengra í viðhorfum og stefnumótun en í framkvæmd einstaklingsmiðaðs náms (sjá fylgiskjal, matstæki um einstaklingsmiðað nám). Námskeið fyrir kennara um fjölmenningarlega kennslu og markvissa samvinnu er nýhafið og er hluti af símenntunaráætlun skólans. Á yngra stigi er meiri áhersla á að nemendur fái nám við hæfi og námsleiðir séu fjölbreyttar en kennsluhættir virðast almennt hefðbundnari í eldri bekkjum.

Foreldrar nefna samvinnu í árgöngum sem einkenni náms og kennslu við skólann. Í smiðjum og hringekjum blandast árgangurinn og kynnist og þannig myndast samheldni í hópnum. Foreldrar nefna einnig þróunarverkefni, sérstaklega útikennsluna sem jákvæðan og sterkan þátt í starfinu.

Fram kemur í rýnihópi kennara að einstaklingsáætlanir eru gerðar í sérkennslu en annars eru vikuáætlanir sem gilda fyrir bekkinn.

Yngsta stig

Í vettvangsathugunum kemur fram að skólastofur á yngsta stigi eru almennt vel útbúnar og verk nemenda prýða vegg. Í 1. bekk er samkensla árgangsins í aflöngu rými í risi skólans. Umsjónarkennarar eru tveir og einn stuðningsfulltrúi, þrjár vinnustöðvar hafa verið settar upp, 16 borð í hverjum. Auk þess er heimakrókur og myndlistarhorn. Dagurinn byrjar í heimakrók þar sem gefin eru fyrirmæli áður en börnin dreifast í hópa á vinnustöðvarnar. Á hverri vinnustöð er ákveðið viðfangsefni, sama fyrir alla. Að verkefni loknu mega nemendur velja sér verkefni og dreifast þá um svæðið. Í 2.-4. bekk hefur hver bekkur sína stofu og kennara. Í vettvangsathugunum eru nemendur almennt að vinna að sama grunnverkefni á sama tíma, en eru þó komin mislangt í bókum, sérstaklega stærðfræðibókum. Borðum er oftast raðað í klasa sem bjóða upp á hópvinnu en í flestum tímum sem heimsóttir voru unnu nemendur einstaklingslega.

Vettvangsnótur vitna um fjölbreytt viðfangsefni á yngsta stigi, gott skipulag, styrka bekkjarstjórnun og jákvæð og hlýleg samskipti nemenda og kennara. Almennt er góður vinnufriður með þeirri undantekningu að nokkur órói og hávaði gat stundum orðið við verkefnaskipti (sjá fylgiskjal, vettvangsathuganir)⁴.

Miðstig

Á miðstigi hefur hver bekkur sína stofu og kennara. Borðum er ýmist raðað í hópa, raðir eða U-uppröðun. Stofur eru snyrtilegar en mismikið af verkum nemenda og öðrum gögnum á veggjum. Kennsluhættir virðast hefðbundnir, nemendur eru almennt að vinna að sama verkefni á sama tíma og einstaklingslega miðað við það sem fram kemur í vettvangsnótum. Í einum tíma eru aðferðir blanda af einstaklingsvinnu og hópvinnu. Nemendur virðast almennt vita til hvers er ætlast af þeim og vinnufriður og ró er einkennandi. Samskipti nemenda og kennara eru jákvæð og vinsamleg (sjá fylgiskjal, vettvangsathuganir).

Unglingastig

Í unglingadeild eru stofurnar útbúnar sem sérgreinastofur og bera flestar með sér hvað þar fer fram. Þannig eru plaköt tengd viðkomandi grein á veggjum, verkefni nemenda og námsgögn fyrir nám og kennslu á hverjum stað. Í flestum stofum eru borð í röðum sem snúa að töflu. Kennsluhættir virðast almennt hefðbundnir, nemendur eru allir að vinna að sama verkefni á sama tíma og einstaklingslega. Í stöku tímum virðast nemendur lítið virkir hlustendur eða skrifa upp glósur eftir kennara. Í einum tíma eru nemendur að vinna í hópvinnu saman að verkefni (sjá fylgiskjal, vettvangsathuganir). Í rýnihóp nemenda kemur fram að þeir telja heimanám minna en annars staðar, enda fá þau tækifæri til að vinna heimavinnu í skólanum. Þeim finnst ekki mikið að læra í 10. bekk en meira í 9. bekk. Þau kannast ekki við að gerðar séu einstaklingsáætlanir. Hjá kennara kemur fram að nemendur fá vikuáætlun og ráða hvenær þau takast á við hvert verkefni og hve mikið þau vinna heima. Eftir því sem þau nýta betur tímann í skólanum því minni heimavinna.

Boðið er upp á mjög fjölbreyttar valgreinar í 8.-10. bekk, alls eru í boði 26 valgreinar. Nemendur í 8. bekk geta valið 2 stundir á viku, í 9. bekk 5 stundir og 10. bekk 6 stundir.

⁴ Vert er að taka fram að matið og vettvangsathugun byggir á stuttu innliti í skólastofur og kennslustundir þannig að ekki fæst yfirsýn yfir langtímaverkefni og markmið.

Flestar valgreinar tengjast listum, verklegum greinum og áhugasviði, en einnig er boðið upp á heimanám sem valgrein. Ekki kemur fram í gögnum hverjar þessara valgreina eru síðan kenndar eða hvernig nemendur raðast á þær.

List- og verkgreinar/smiðjur eru kenndar í lotum, hverjum árgangi er skipt í um 12 barna hópa og fá hóparnir samfellt 4 tíma á viku í 7 vikur í hverri grein. hún segir mér líka að í 5. bekk sem núna er í smiðju séu 7 hópar og þar hafi þurft að bæta við tafla og badminton í TBR til að geta skipt hópnum upp sem er fjölmennasti árgangurinn. Smiðjur ná upp í 8. bekk en í 9. og 10. eru list- og verkgreinar kenndar í vali.

Kennarar telja það kost að fá nemendur þétt til sín í lotunum en telja jafnframt að tímum hafi í heild fækkað með þessu fyrirkomulagi.

Stofur fyrir list- og verkgreinar eru á jarðhæð í endurnýjuðu húsnæði með rúmgóðan sameiginlegan gang. Stofurnar eru bjartar og rúmgóðar og ríkulega útbúnar sýnishornum og verkum nemenda. Í vettvangsheimsókn ríkir vinnusemi og nemendur eru að ólíkri útfærslu á sama grunnverkefni (sjá fylgiskjal, vettvangsathuganir). Ekki var farið í heimsókn í íþróttatíma.

Skólasafn er staðsett nærri stjórnun í einni skólastofu til bráðabirgða. Safnið á síðar að flytjast í húsnæði þar sem áður var heimilisfræðistofa. Aðstaðan er vistleg og aðlaðandi þrátt fyrir þrengsli. Meðan safnið býr svo þröngt fer þar ekki fram kennsla en nemendur og kennarar koma og ná sér í bækur og skólasafnskennari útbýr körfur með bókum fyrir einstaka bekki. Safnið er opið alla daga til kl. 15:00 nema á föstudögum til hádegis. Kennarinn sér einnig um lestrarspretti í samstarfi við bekkjarkennara og hefur umsjón með upplestrarkeppni.

Tölvustofa er ekki komin í gagnið vegna flutninga þegar matið fer fram (sept.). Það er nú staðsett í sömu álmu og unglingadeild. Kennarar geta pantað tíma fyrir hóp í tölvustofunni með því að skrifa sig á lista.

Námsmat

Í námskrá greina og bekkja er óvíða fjallað um námsmat. Ekki er að finna upplýsingar um námsmat í Handbók Langholtsskóla. Í almennum hluta námskrár fyrir 8.-10 bekk segir: Við námsmat er miðað við markmið sem tilgreind eru í Aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá Langholtsskóla. Einnig er tekið tillit til ástundunar og vinnubragða (heimasíða Langholtsskóla, skólanámskrár). Unnið hefur verið að þróunarverkefni um námsmat í sveigjanlegu skólastarfi í nokkur ár í samstarfi við KHÍ. Aðaláhersla verkefnisins er markmiðasetning nemenda, nemenda- og foreldramat. Unnir hafa verið m.a. gátlistar fyrir mat í list- og verkgreinum, sjálfsmatslistar nemenda og mat foreldra. Veturinn 2007 -2008 var unnið að verkefninu með þátttöku allra umsjónarkennara á miðstigi skólans og list- og verkgreinakennarar komu að því á vordögum. Foreldrar nefna þróunarverkefnið sem jákvæðan þátt í skólastarfinu.

Vinna þarf að því að þróunarverkefni um sveigjanlegt námsmat komi fram í námskrám og nái til fleiri greina og árganga.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Almennt virðist skólinn kominn lengra í viðhorfum og stefnumótun en í framkvæmd einstaklingsmiðaðs náms.
- Í flestum tímum sem heimsóttir voru í vettvangsathugun voru nemendur að vinna að sama verkefni á sama tíma.
- Í list- og verkgreinum vinna nemendur að ólíkri útfærslu sama grunnverkefnis.
- Í námskrám kemur fram áhersla á fjölbreyttar leiðir í námi sérstaklega í yngri deildum.
- Vettvangsnótur vitna um fjölbreytt viðfangsefni á yngsta stigi, gott skipulag, styrka bekkjarstjórnun og jákvæð og hlýleg samskipti nemenda og kennara.
- Skólastofur eru útbúnar sem sérgreinastofur í unglingadeild og nemendur fara á milli stofa.
- Kennsluhættir virðast almennt hefðbundnir, nemendur eru allir að vinna að sama verkefni á sama tíma og einstaklingslega.
- Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt.
- Fjölbreytt framboð er á valgreinum í 9.-10. bekk, en ekki kemur fram hverjar eru kenndar.
- Í námskrá greina og bekkja er óvída fjallað um námsmat. Ekki er að finna upplýsingar um námsmat í *Handbók Langholtsskóla*.
- Vinna þarf að því að þróunarverkefni um sveigjanlegt námsmat komi fram í námskrám og nái til fleiri greina og árganga.

Skóli án aðgreiningar - sérkennsla

Stjórnun og stefna

Umsjónarmaður sérkennslu sér um skipulag sérkennslunnar, ráðgjöf við kennara og skimanir. Mjög góður aðgangur er að deildarstjóra sérkennslu, hann hefur góða yfirsýn yfir sérkennsluna og góða stjórn að mati rýnihóps, „alltaf gott að leita til hennar“, og starfsandi mjög góður. Stjórnendur eru jákvæðir og metnaðarfullir og vilja að vel sé staðið að sérkennslunni.

Í handbók skólans kemur fram hvernig staðið er að sérkennslu, hver eru markmiðin og lýsing á framkvæmd, þar kemur fram að stuðningur eða sérkennsla fer ýmist fram inni í bekknum, námsveri, litlum hópum eða í námskeiðsformi. Í rýnihópi um sérkennslu kemur fram að sérkennarar fara lítið inn í stofur til að vinna með nemendum, enda séu stofur litlar og lítið pláss fyrir slíkt. „Stefnan er til, einstaklingsmiðað nám, skóli fyrir alla ... það mætti alveg gera meira í því að móta þessa stefnu og gera hana skýra fyrir alla í skólanum“, kemur fram í rýnihópi.

Aðstaða og aðbúnaður

Námsver eru þrjú eitt fyrir hvert stig. Að mati rýnihóps er ágæt aðstaða fyrir yngsta stigið, þar eru frá einum og upp í 8 nemendur. Miðstig er í bráðabirgðaaðstöðu, þar geta verið 5-10 nemendur í tveimur hópum í sitt hvoru rýminu. Elsta stigið er ekki með varanlegan stað, þar eru 9-10 nemendur þegar mest er.

Aðgengi að tölum fyrir nemendur í sérkennslu þyrfti að vera betra að mati rýnihóps, þó eru 3 tölur í námsveri fyrir unglinga.

Hvildaraðstaða fyrir nemendur er ekki fyrir hendi, „það eru einhverjir púðar en engin hvildaraðstaða“. Gott aðgengi er fyrir líkamlega fatlaða, lyfta og snyrtingar. Aðgengismál að leikvelli eru í lagi með skábraut.

Í rýnihópi kemur fram að framkvæmdir vegna bygginga og breytinga hafi tekið langan tíma og reynt á kennara.

Viðhorf og líðan:

Á yngsta og á miðstigi eru flest ánægð með að koma í námsver og vilja koma, á unglingastigi er „þetta er svona meira skjól, þau vilja fara út úr tíma“, kemur fram í rýnihópi.

Hegðunarvandamál eru alltaf erfiðust úrlausnar, kemur einnig fram. Samstarf er milli námsvers á miðstigi og unglingastigi til að bregðast við hegðunarvanda.

Mikið álag er á sérkennurum og stuðningsfulltrúum sem fara í marga bekkir og út í frímínútur þess á milli.

Samskipti milli kennara um sérkennsluna eru almennt góð að mati rýnihóps, sérkennarar fara inn á deildafundi en ekki árgangafundi, stuðningsfulltrúi er stundum með á skipulagsfundum. Umsjónarkennari ber ábyrgð á nemendum og námi þeirra, þó ber á því að einstaka kennarar „vilja að við eigum þessi börn“, kemur fram í rýnihópi um sérkennslu.

Skipulag og úrræði:

Ekki er markvisst leitað að nemendum með sérþarfir, en mjög fylgst með og lagðar fyrir skimanir og greiningarpróf. Kennarar láta vita ef þeim finnst barn ekki fylgja hópnum eða ef kennari hefur grun um að einhverjum líði illa.

Lestrarferðileikar eru í forgangi sérstaklega á yngsta stigi, einnig eru margir í nýbúakennslu.

Þroskaþjálfar hafa mest sinnt hegðunarmálum. Að mati rýnihóps vantar að marka stefnu skólans í hegðunarmálum og setja í skýrari farveg hvernig tekið er á málum. Á yngsta stigi er til hegðunarmótunarferill. Námsver á unglingastigi hefur stundum verið nýtt sem hegðunarver í stað námsvers en ekki í vetur.

Námsver á unglingastigi hefur ekki fastan sérkennara, stundum eru þau bara send og ekkert námsefni „unglinganámsverið er ætlað til svo margs“, kemur fram í rýnihópnum, og enginn kennari til að fylgjast með. „Mesta álagið er á unglingastigi þar sem er enginn kennari, stundum þegar annar stuðningsfulltrúinn í unglingastigi fer í kennslu þá er bara einn með allan hópinn, hvað á ég að gera ég get ekki hent þeim út“, segir fulltrúi í rýnihópi.

Ráðgjöf - Þjónustumiðstöð

Sérstakur tími er ætlaður til ráðgjafar fyrir kennara og deildarstjóri sér einnig um ráðgjöf við foreldra. Að mati rýnihóps er ekki mikið um utanaðkomandi ráðgjöf, helst er það varðandi skilafundi, og enginn aðgangur að sálfræðingi. Í rýnihópi kemur fram að ekki sé alltaf ljóst hvert á að leita eftir ráðgjöf og er nýbúakennsla nefnd sem dæmi. Almennir kennarar hafa lítið af þjónustumiðstöð að segja. Samstarf við sérkennara í öðrum skólum þyrfti að vera meira, kemur fram í rýnihópi, „ég græði einmitt á mínum fyrrum samstarfsfélögum og vinkonum af því að þær eru líka í sérkennslu“.

Lausnateymi var starfandi við skólann en er óvirkt að sögn kennara.

Nemendaverndarráð fundar reglulega.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Skimanir eru markvisst lagðar fyrir nemendur með sérþarfir en ekki ljóst að hve miklu leyti sérkennsla byggir á þeim.
- Deildarstjóri sérkennslu skipuleggur kennsluna og starf stuðningsfulltrúa
- Mikið álag er á starfsfólki í sérkennslu.
- Sérkennsla fer að mestu fram í námsverum utan bekkjar.
- Engin kennari er við námsver á unglingastigi.
- Lausnateymi er ekki virkt við skólann.

Einhverfudeild Langholtsskóla

Húsnæði:

Deildin er staðsett í rými sem áður hýsti heilsugæsluþjónustu. Rýmið samanstendur af sjö mismunandi stórum herbergjum og er gengið í gegnum sum þeirra. Hvert aldursstig hefur sitt afmarkaða rými og er yngsta stigið í stærsta rýminu. Eldhús er í einu herberginu og lítið skot fyrir hvíldaraðstöðu í öðru, slökun og hreyfipjálfun. Vinnuaðstaða kennara er í nemendarými unglingastigs. Deildin hefur sérinngang.

Gögn og búnaður:

Áberandi eru sjónrænar vísbendingar á veggjum. Sex tölvur eru í deildinni til notkunar fyrir nemendur og kennara. Kennslurýmum er skipt niður í bása með skilrúmum þar sem nemendur vinna einstaklingslega. Hver nemandi hefur sinn heimabás. Einnig eru vinnustöðvar þar sem gert er ráð fyrir einstaklingsvinnu, kennari – nemandi einstaklingslega eða kennari með lítinn hóp. Ýmis kennslugögn eru fyrir hendi, bæði hefðbundin og óhefðbundin.

Nemendur:

Í deildinni eru 9 nemendur sem dreifast jafnt á aldursstigin. Allir nemendur fara eitthvað út í bekki, mismikið, með eða án fylgdar starfsmanns deildarinnar. Einnig er um að ræða „öfuga blöndun“ þar sem nemendur úr heimabekkjum sérdeildarnemendanna koma í heimsókn í deildina frá einum upp í þrjá saman. Nemendur deildarinnar fara í frímínútur með öðrum nemendum skólans. Þeir nemendur deildarinnar sem eru í almennum bekkjum fyrir frímínútur eða eru að fara í þá að loknum frímínútum fara út og inn með öðrum nemendum um sömu innganga. Allir nemendur deildarinnar fara í matsal með öðrum nemendum skólans með og án fylgdar eftir þörfum hvers nemanda. Tveir nemendur voru að vinna einstaklingslega hvor með sínum kennara, annar var að vinna sjálfstætt með púsl og enn annar í tölvu, þegar deildin var heimsótt. Aðrir nemendur voru úti í bekkjum.

Starfsfólk:

Sjö starfsmenn eru í deildinni í 100% starfi hver og íþróttakennari í 30% starfi. Starfsmenn eru 1 þroskapijálfi, 2 leikskólasérkennarar, 1 sérkennari og 3 almennir kennarar.

Starfshættir:

Unnið er samkvæmt TEAACH aðferðinni – skipuleg vinnubrögð og mikil áhersla lögð á sjónrænar vísbendingar. Styrkingar eru mikið notaðar í formi vals. Kannað er á ákveðnum tímum hvað nemendur óska eftir að gera og hvert áhugi þeirra beinist og val nemenda sett upp út frá því. Mikil áhersla er á félagsfærnisögur sem notaðar eru til að breyta óæskilegri hegðun,

læra nýja hegðun og til að búa nemendur undir óvænta atburði. Sérstakir íþrótt- og sundtímar eru fyrir nemendur deildarinnar en þó fara sumir nemendur í almenna tíma.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Í einhverfudeild Langholtsskóla eru sjö starfsmenn og níu nemendur.
- Unnið er samkvæmt TEAACH aðferðinni – skipuleg vinnubrögð og mikil áhersla lögð á sjónrænar vísbendingar.
- Allir nemendur fara eitthvað út í bekki, mismikið, með eða án fylgdar starfsmanns deildarinnar.

Skólaþróun og mat

Sjálfsmatsskýrsla hefur verið unnin og var birt opinberlega á eldri heimasíðu en ekki á nýrri. Í henni er lýst sjálfsmati í Langholtsskóla. Grunnur sjálfsmatsins er stefna Langholtsskóla viðmið Reykjavíkurborgar um góðan skóla og stefna og framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í menntamállum. Í skýrslunni er fjallað ítarlega um skólann, markmið hans og framkvæmd skólastarfs. Matið byggir bæði á niðurstöðum kannana sem Menntasvið lætur gera reglulega á skólastarfi og kannana sem skólinn hefur gert meðal nemenda, starfsmanna og foreldra, gerð er styrk- og veikleikagreining.

Settar eru fram matsspurningar í fjórum meginþáttum skólastarfs;

- Sýn skólans og stefnumörkun; Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórn?
- Kennsla og mat á árangri nemenda; Eru kennsluhættir og mat á námi í samræmi við markmið skólans um einstaklingsmiðað nám og skóla án aðgreiningar?
- Samskipti líðan og viðhorf; Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna og nemenda þ.m.t. samskipti, líðan og umhverfi?
- Foreldrasamstarf; Fá nemendur og foreldrar stöðugt upplýsingar um stöðu nemenda og skólastarfið almennt og finna þeir sig velkomna í skólann?

Í umræðukafla eru matsspurningar tengdar niðurstöðum sem eru þessar helstar:

Langholtsskóli hefur skýra sýn og styrka stjórnun. Hann hefur sett fram markmið sín og stefnu sem stenst flest þau viðmið sem fræðslufirvöld hafa sett fram um góðan skóla.

Kennsluáðferðir í Langholtsskóla taka mið af markmiðum um einstaklingsmiðað nám, ábyrgð nemenda eykst eftir því sem ofar dregur í skólanum. Viðhorf nemenda og foreldra til skólans er almennt jákvætt. Viðhorf starfsmanna eru almennt jákvæð og starfsandi góður.

Upplýsingagjöf frá skólanum er nú í svipuðu horfi og í öðrum skólum, 98% foreldra nýta sér heimasíðu skólans (Sjálfsmatsskýrsla Langholtsskóla 2006-2007).

Helstu áherslur í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2006-2007 eru settar fram undir fimm áhersluþáttum í starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar og tilgreind viðbrögð og aðgerðir, ábyrgð, tímaáætlun og mælikvarði á árangur hverrar aðgerðar.

1. Undir einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda, eru aðgerðir: áhersla á árganga sem heildir, samvinnu nemenda og samvinnu kennara, upplýsingatækni sem liður í öllu námi, námsmat í sveigjanlegu skólastarfi og aukna ábyrgð nemenda á námi sínu.
2. Undir skóli án aðgreiningar eru aðgerðir: allir velkomnir í Langholtsskóla, virkt stoðkerfi, sérdeild fyrir nemendur með einhverfu, nýta þekkingu og tækni úr deildinni í almennu skólastarfi, kennsla nemenda með annað móðurmál en íslensku.

3. Undir jákvæð sjálfsmynd og félagsfærni er tilgreint Olweusarverkefnið gegn einelti. Ýmis verkefni sem falla undir forvarnir og lífsleikni, s.s. Zippýs Friends, lífsleikni á unglingastigi, haust- og vorferðir nemenda.
4. Undir nán tengsl skóla og grenndarsamfélags, áhersla á jákvæð samskipti heimila og skóla, kynningarfundir um skólastarfið, móttaka nýrra nemenda í 1. bekk, samráð foreldra og skóla, gagnkvæmt upplýsingastreymi milli heimila og skóla, lifandi heimasíða, Mentor, foreldrar í heimsókn. Samstarf við íþróttafélög, TBR, ÍTR og samstarf um frístundaheimili, umhverfisstefna og grænfáni.
5. Undir sjálfstæðir skólar jafnræði í umgjörð, kemur m.a. samstarf við Framkvæmdasvið vegna endurhönnunar skólahúsnæðis, endurnýjunar lóðar, og búnaðar í skólanum.

Fjölmörg þróunarverkefni hafa verið unnin í Langholtsskóla undanfarin ár. Upplýsingar um þau liggja á heimasíðu skólans. Meðal þeirra eru: Smíðjan í skapandi skólastarfi, Námsmat í sveigjanlegu skólastarfi, Útikennsla í túnfætinum, Vorverkefni í 10. bekk.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Sjálfsmatsskýrsla er ekki birt á heimasíðu en liggur fyrir í möppu. Þar er lýst vinnu að sjálfsmati í Langholtsskóla og sett fram umbótaáætlun fyrir skólaárið 2006-2007.
- Helstu áherslur í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2006-2007 eru settar fram undir fimm áhersluþáttum í starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar og tilgreind viðbrögð og aðgerðir, ábyrgð, tímaáætlun og mælikvarði á árangur hverrar aðgerðar.
- Ekki kemur fram að hve miklu leyti umbótaaðgerðir hafa skilað tilætluðum árangri.
- Við heildarmat haustið 2008 liggur ekki fyrir uppfærð umbótaáætlun skólans.
- Fjölmörg þróunarverkefni í skólastarfi hafa verið unnin í Langholtsskóla undanfarin ár.

Virk upplýsingamiðlun

Heimasíða

Langholtsskóli tók nýja heimasíðu í notkun í haust, sem er að mörgu leyti mjög aðgengileg og einföld enn sem komið er. Þar eru fréttir af skólastarfinu uppfærðar reglulega. Strax á forsíðunni er eitthvað áhugavert sem fangar augað og er þar að finna mjög svo greiðan aðgang að því mikla starfi sem fram fer í kennslunni á hverju skólastigi fyrir sig. Það er mjög skýrt hvaða upplýsingar eru til fyrir hvert skólastig í skólanum. Auðvelt er að koma auga á kennsluáætlanir og námskrár eftir bekkjum og kennslugreinum. Ítarlegar upplýsingar eru um þróunarverkefni sem skólinn hefur tekið þátt í undanfarin ár og það sem er á dagskrá núna í þeim efnum.

Á heimasíðunni er aðgangur að *Handbók Langholtsskóla* fyrir skólaárið 2008-2009 og eru þar mikilvægar grunnupplýsingar um nemendaráð, foreldrafélag, skólaráð, stefnu skólans o.fl., en ekki er að finna nánari dýpkun á upplýsingum handbókarinnar á heimasíðunni sjálfri, nema þar er að finna nánari upplýsingar um mötuneyti skólans og mötuneyti.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Heimasíða skólans er uppfærð reglulega og fréttir færðar inn. Síðan er ný, grípandi og aðgengileg.
- Góðar upplýsingar eru á heimasíðu um ýmis þróunarverkefni skólans.

- Ítarlegri upplýsingar vantar um mikilvægar hliðar skólastarfsins sem kynntar eru í handbók skólans.
- Ekki fundust upplýsingar um móttöku og kennslu nýbúa né upplýsingar á öðrum tungumálum.
- Ekki eru upplýsingar um sjálfsmat Langholtsskóla á heimasíðunni.

Skólanámskrá og starfsáætlun

Skólanámskráin skiptist í Handbók, þar sem fram koma stefna skólans og leiðarljós ásamt upplýsingum fyrir foreldra og nemendur; Námskrár og námsáætlanir; Svona gerum við... vegvísir starfsmanna og upplýsingar um þróunarverkefni. Handbókin er aðgengileg á heimasíðu skólans og henni er dreift til foreldra að hausti. Í skólanámskrá Langholtsskóla er tekið á flestum þáttum sem samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga að birtast í skólanámskrá skóla og þeim sem samkvæmt starfsáætlun Reykjavíkurborgar skal setja fram. Þar er að finna skipurit skólans, stefnu og lýsingu á sérstöðu hans, útikennslu og umhverfismennt. Upplýsingar eru um hvernig bregðast skal við ýmsum málum.

Þættir sem ekki koma fram í skólanámskránni eru:

- hvort skólanámskráin var unnin í samráði við starfsfólk, foreldra og nemendur
- móttökuáætlun fyrir innflytjendur
- jafnréttisáætlun
- verklagsreglur um slysavarnir
- tengsl við önnur skólastig, atvinnulífið og áætlun um námskynningar og starfsfræðslu (sjá nánar fylgiskjal, gátlisti um skólanámskrá)

Náms- og kennsluáætlanir fyrir árganga og greinar

Í náms- og kennsluáætlunum eru upplýsingar um hverja námsgrein þar sem kemur fram hver eru markmið sem unnið er að og fjallað er um nám og kennslu, þ.e. kennslutilhögun/ kennsluaðferðir, í sumum greinum er einnig fjallað um námsmat og heimanám. Náms- og kennsluáætlanir gilda fyrir skólaárið og fylgja að því er best verður séð Aðalnámskrá í öllum meginatriðum.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Í skólanámskrá Langholtsskóla er tekið á flestum þáttum sem samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga að birtast í skólanámskrá og þeim sem samkvæmt starfsáætlun Reykjavíkurborgar skal setja fram.
- Gefnar eru út náms- og kennsluáætlanir fyrir hvern árgang og hverja námsgrein.
- Nokkra þætti vantar að fjalla um í skólanámskránni, s.s. móttökuáætlun fyrir innflytjendur, jafnréttisáætlun og tengsl við grenndarsamfélagið.

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

Langholtsskóli er Grænánaskóli og hefur verið það frá vori 2005. Fyrst var farið að huga að umhverfismálum árið 2001. Markmið umhverfisstefnu eru m.a. að hvetja nemendur og starfsmenn til að taka virkan og stöðugan þátt í umbótum í umhverfismálum og skapa betra og vistvænna náms- og starfsumhverfi. Þetta er gert með því að draga úr myndun úrgangs og leggja áherslu á endurnýtingu og endurvinnslu, draga úr raforkunotkun og hvetja til ábyrgar umgengni við nærumhverfi og gefa öllu starfsfólki kost á fræðslu um umhverfismál reglulega. Útikennsla er liður í umhverfismenntinni.

Ánægja foreldra í Langholtsskóla með húsnæði og aðbúnað skólans er oftast minni, og stundum töluvert minni, en meðaltalsánægjan með sömu þætti í borginni allri. Þetta á sérstaklega við um skólalóðina en í skólanum mælist meðaltalið vegna hennar undir tveimur, og er langt fyrir neðan meðaltal. Í opnum svörum voru margir foreldrar einnig harðorðir í garð leikaðstöðunnar á skólalóðinni. Í Langholtsskóla eru þó sóknarfæri hvað þetta varðar, þar sem byggingarframkvæmdir og endurbætur á skólalóð hafa staðið yfir undanfarin ár og standa enn yfir.

Stórt stökk upp á við mælist vegna ánægju foreldra með aðstöðu barnanna til að matast, sé niðurstaðan 2008 borin saman við meðaltal í skólanum fyrir árin 2000-2006.

Í samantekt áhættumats Langholtsskóla vorið 2008 kemur fram að:

- Áhætta er metin há hvað varðar mikið andlegt álag starfsmanna. Einnig var áhætta metin há af því að neyðaráætlun vantar og skilgreina þarf viðbrögð og útgönguleiðir og setja upp í húsnæði skólans.
- Áhætta er metin há/meðal vegna hávaða í matsal og lagt að leitað verði leiða til að draga úr.
- Áhætta er metin meðal/lág vegna nokkurra þátta, nýliðafræðslu, hita- og rakastig á ákveðnum svæðum, loftræstingu, forvarnir gegn einelti, hrós og viðurkenningu til starfsmanna, sjúkrakassa og slökkvitæki og merkingu þeirra, rýmingarleiðir, varasöm og hættuleg efni, neyðarbúnað í náttúrufræðistofu, vinnuaðstöðu við verkstöðvar, vinnuaðstöðu kennara í yngstu deild, fræðslu um líkamsbeitingu og staðbundna loftræstingu við rennibekk.

Ekki kemur fram að hve miklu leyti hefur þegar verið brugðist við með aðgerðum.

Í rýnihópi starfsfólks kemur fram að aðstöðu vantar til að skipta um föt fyrir starfsfólk í eldhúsi einnig var kvartað yfir hávaða í matsal. Að mati starfsfólks þarf að endurnýja eldvarnarkerfi þar sem það virkar ekki sem skyldi, sérstaklegavar nefnt eldvarnarteppi í matsal sem er ónýtt. Gagnrýni kom fram á milliliði hjá borginni og samskipti við Framkvæmdasvið sem ekki brygðist við beiðnum um úrbætur.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Langholtsskóli er Grænánaskóli og hefur verið það frá vori 2005.
- Nokkrar óánægju gætir hjá starfsfólki og foreldrum með húsnæði og aðbúnað í Langholtsskóla svo og skólalóðina.
- Ánægja foreldra með aðstöðu nemenda til að matast reyndist meiri í könnun árið 2008 en í fyrri könnunum.
- Neyðaráætlun og rýmingaráætlun vantar (skv. mati vorið 2008) og skilgreina þarf viðbrögð og útgönguleiðir og setja upp í húsnæði skólans.
- Leita þarf leiða til að draga úr hávaða í matsal.

Mannauður

Starfsmenn og líðan

Alls starfa 87 starfsmenn í Langholtsskóla haustið 2008. Vinnustaðagreining fyrir grunnskóla Reykjavíkur árið 2007 sýndi að starfsfólk skólans er á heildina litið frekar ánægt í starfi sínu, sú fullyrðing mælist 4.21 (á starfhæfu bili)⁵ sem er nokkuð herra en meðaltal grunnskóla í Reykjavík (4.03). Starfsánægja og afstaða gagnvart vinnuveitanda og starfsvettvangi mældist ívið hærri en að meðaltali í Reykjavík og svipað á milli mælinga í skólanum árið 2005 og 2007. Svarhlutfall í greiningunni var 77% í Langholtsskóla sem var það sama og svarmeðaltal allra grunnskóla. Í viðhorfakönnun sem framkvæmd var fyrir allt Menntasvið vorið 2008 fær skólinn aðeins lægra gildi við fullyrðingunni „Á heildina litið er ég ánægð/ur í starfi mínu“ en heildarmeðaltal Menntasviðs (3,79 í Langholtsskóla miðað við 3,92 sem er heildarmeðaltal MSR). Svarhlutfall í viðhorfakönnuninni 2008 var 60,7%.

Starfsmannavelta var 25% í Langholtsskóla haustið 2006 sem er heldur meiri en að meðaltali í Reykjavík (sjá nánar í fylgiskjali 1, Langholtsskóli og skólaumhverfi).

Af tíu mestu frávikum Langholtsskóla frá grunnskólum í heild mælast sjö fullyrðingar jákvæðari en almennt í grunnskólum borgarinnar:

- Næsti yfirmaður minn drífur verkefni áfram.
- Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að skipta um starfsvettvang?
- Mér finnst góður starfsandi á mínum vinnustað/skóla.
- Mínum vinnustað/skóla er vel stjórnað.
- Ég treysti næsta yfirmanni mínum vel.
- Mér finnst hlutverk og starfsemi grunnskólanna í Reykjavík gefa til kynna að starf mitt sé mikilvægt.
- Ákvarðanir eru teknar út frá faglegum forsendum á mínum vinnustað/skóla.

Af tíu mestu frávikum Langholtsskóla frá grunnskólum í heild mælast þrjár fullyrðingar neikvæðari en almennt í grunnskólum borgarinnar:

- Ég hef fengið hrós eða viðurkenningu fyrir vel unnin störf á síðustu vikum
- Ég fæ fullnægjandi upplýsingar um mikilvæga atburði og breytingar innan míns vinnustaðar/skóla.
- Hefur þér oft eða sjaldan fundist þú vera útbrunnin(n) eða stressaður(uð) í lok vinnudags sl. þrjá mánuði?

Í vinnustaðagreiningunni 2007 sneru mestu breytingar frá mælingunni 2005 að því að streita og álag í starfi virtist hafa aukist og starfsmenn upplifðu minni sveigjanleika í starfinu. Hinsvegar mælast viðhorf gagnvart því hvernig gangi að sinna einstaklingsbundnum þörfum nemenda, þverfaglegri samvinnu og starfsanda nokkuð jákvæðari en í mælingunni 2005.

⁵ Niðurstöðum í vinnustaðagreiningu er skipt í þrjú svæði, styrkleikabil 4.20-5.00, starfhæft bil 3.70-4.19 og aðgerðabil 1.00-3.69.

Svör við fullyrðingunni „Mér finnst góður starfsandi ríkja á mínum vinnustað“ mælast nánast þau sömu í könnuninni 2008 og almennt á MSR (4,11 í Langholtsskóla miðað við 4,10 heildarmeðaltal MSR). Einelti mældist 8% í vinnustaðagreiningunni 2007 en 0% í viðhorfakönnuninni 2008.

Í rýnihópum kom fram að starfsfólk er almennt ánægt með að starfa í skólanum, telja starfið gefandi og líður vel að koma í vinnuna. Starfsandinn er sagður vera góður og fólk ber umhyggju fyrir hvort öðru en það kom einnig fram að starfsfólkið taldi töluverða hópaskiptingu á vinnustaðnum og samskipti mættu vera meiri á milli hópa.

Samstarf

Fundir í Langholtsskóla fylgja reglubundnu mynstri, starfsmannafundir, kennarafundir, deildafundir og fagfundir. Fastir fundatímar í hverri viku, deildafundir á móti kennarafundum og starfsmannafundir einu sinni í mánuði. Teymisfundir eru haldnir um ákveðin verkefni og árgangafundir eru einu sinni í viku.

Í viðhorfakönnuninni 2008 fær fullyrðingin „Samvinna er góð á mínum vinnustað“ gildið 4,06 sem er nálægt meðaltalsgildi MSR (4,10). Í vinnustaðagreiningunni 2007 mældust fullyrðingar er mæla viðhorf til liðsheildar og samvinnu aðeins yfir meðaltali annarra grunnskóla í borginni. Við fullyrðingunni „Starfsfólk á mínum vinnustað/skóla vinnur sem ein heild“ fær skólinn nokkuð hærra gildi en grunnskólar almennt (3,81 miðað við heildarmeðaltal 3,61) og fullyrðingar um þverfaglega samvinnu og hversu vel vinnufélagar leggja sig fram við að skila vel unnu starfi fá einnig aðeins hærra gildi en grunnskólar almennt⁶.

Í rýnihópum töluðu starfsmenn vel um samstarfsmenn sína og lýstu almennt góðu samstarfi. Það kom fram að almennir starfsmenn töldu starfsmannafundi sjaldan en töldu þá samt sem áður hæfilega oft. Í rýnihópum kennara var nefnt að nýta mætti starfsmannafundi betur sem samráðs- og umræðufundi, þeir væru meira núna nýttir sem tilkynningafundir. Kennarar yngstu barna eru áhugasamir um að þróa teymisstarf um yngri barna kennslu og það kom einnig fram að samvinna faggreinakennara á unglingastigi er talin ganga vel.

Það kom þó fram í viðtölum að töluverð hópaskipting virðist vera í starfsmannahópnum og rætt var að samstarf á milli stiga mætti vera töluvert betra. Það kom fram að yngstu barna kennarar upplifðu yngsta stigið dálítið útundan og þeim fyndist það mætti fá meiri athygli. Þetta átti reyndar einnig við um íþróttirnar, íþróttakennarar töldu sitt svið vera stundum útundan. Það var nefnt að unglingadeildin væri eins og nokkurs konar séreining í skólanum og að einhverrar stéttaskiptingar gætti í starfsmannahópnum.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Starfsfólk er almennt ánægt í Langholtsskóla og góður starfsandi virðist vera á vinnustaðnum.
- Streita og álag í starfi eykst milli ára 2005 og 2007.
- Samvinna innan stiga er góð og áhugi fyrir því að þróa frekar teymisstarf.

⁶ Hversu góð eða slæm er þverfagleg samvinna, þ.e. samvinna milli starfsfólks í ólíkum störfum með ólíka menntun, á þínum vinnustað? fékk gildið 3,71 í Langholtsskóla en 3,62 í grunnskólum í heild. Fullyrðingin „Vinnufélagar mínir leggja sig alla fram við að skila vel unnu starfi“ fær gildið 4,19 (heildarmeðaltalsgildi 4,13).

- Töluverð hópaskipting er sögð vera á vinnustaðnum og samskipti mættu vera meiri á milli hópanna.
- Almennt telur starfsfólkið starfsmannafundi ekki vera vel nýtt sem umræðu- og samráðsfundi.

Samstarf við foreldra

Í vinnustaðagreiningu 2007 fær spurningin „Þegar á heildina er litið, hversu góð eða slæm eru samskipti þín við foreldra?“ gildið 4,19 sem er aðeins lægra en grunnskólar almennt (4,32). Í viðhorfakönnun 2008 kemur fram að færri starfsmenn Langholtsskóla telja sig verða fyrir áreitni frá nemendum og foreldrum en almennt í grunnskólum (20,4% svarenda í Langholtsskóla miðað við 30,5% sem er meðaltalshlutfallið).

Í rýnihópum kom fram að almennt starfsfólk í skólanum er ánægt með samstarf við foreldra og telur það ganga vel og nefnt var að foreldrafélagið væri styðjandi í skólastarfinu. Það kom fram að starfsmenn töldu sig hafa stuðning innan skólans ef þeir lentu í erfiðum samskiptum við foreldra. Þó var það nefnt að starfsmenn töldu foreldra mættu vera sýnilegri og mæting á opna fundi, námsefniskynningar o.þ.h. mætti vera meiri, en þó var einhver munur á þátttöku foreldra á slíkum fundum milli árganga.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Starfsfólk telur sig eiga gott samstarf við foreldra.

Jafnrétti og jafnræði

Í viðhorfakönnuninni 2008 mældust viðhorf við fullyrðingunni „Jafnrétti kynja er virt á mínum vinnustað“ á aðgerðabili (3,67 miðað við 4,02 sem er heildarmeðaltalsgildi MSR). Einnig er gildið við fullyrðingunni „Það er gætt jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum á mínum vinnustað“ nokkuð lægra en heildarmeðaltalið (3,50 í Langholtsskóla en 3,88 fyrir MSR).

Þegar þetta var rætt í rýnihópum kom fram að ekki er alveg ljóst í hverju jafnrétti felst. Í einum hóp var nefnt að karlar umfram konur sætu frekar að ýmsum hlutum þannig að ekki sætu allir við sama borð, en ekki náðist fram umræða um þetta í öllum rýnihópum.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Taka þarf upp fræðslu og umræðu um jafnrétti og hvað þarf til að allir njóti jafnræðis í skólanum.

Aðbúnaður:

Fullyrðingin „Ég hef aðgang að þeim tækjum og gögnum sem til þarf“ mælist á aðgerðabili í viðhorfakönnun 2008, eða með gildið 3,11 miðað við heildarmeðaltal MSR sem er 3,78. Í vinnustaðagreiningunni 2007 var hinsvegar lítill munur á gildi Langholtsskóla og meðaltalsgildi allra grunnskóla (3,49 í Langholtsskóla miðað við 3,52).

Í rýnihópum hafði starfsfólk ýmislegt við aðbúnað í skólanum að athuga. Rætt var um að vantaði upp á aðstöðu fyrir starfsfólk í eldhúsi, t.d. til að skipta um föt og hávaðamengun væri

mikil í matsal. Bent var á að Reykjavíkurborg stæði sig ekki sem skyldi varðandi eldvarnarkerfi í húsinu, t.d. hefði ekki gengið að fá ónýtt eldvarnarteppi fjarlægt. Rætt var um að vantaði skjávarpa, tölvur og hátalarakerfi fyrir kennara. Einnig kom fram að hluti kennara er í bráðabirgðahúsnæði og miklar vonir eru bundnar við betri aðstöðu þegar framkvæmdum við húsnæðið ljúka.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Starfsfólk hefur athugasemdir varðandi aðbúnað í skólanum, m.a. vantar skjávarpa, tölvur og hátalarakerfi fyrir kennara og aðstöðu fyrir starfsfólk í eldhúsi.

Viðvera starfsmanna

Farið var yfir forföll starfsmanna á vorönn 2008. Þar sem fjarvera var skráð ýmist sem stundir (kennslustundir) eða dagar var farin sú leið að reikna fjarveru í 1 dag sem 5.4 kennslustundir.⁷ Að meðaltali voru kennarar fjarverandi í 32 kennslustundir á önninni⁸, undir fjarveru falla veikindi og leyfi vegna símenntunar eða af persónulegum ástæðum. Þetta þýðir að kennarar hafa að meðaltali verið fjarverandi 6 kennsludaga á vorönn 2008.

Að meðaltali voru aðrir starfsmenn fjarverandi í 38 stundir á vorönn 2008, undir fjarvistir falla veikindi og leyfi vegna símenntunar eða af persónulegum ástæðum. Þetta þýðir að aðrir starfsmenn en kennarar hafa að meðaltali verið fjarverandi tæpa 6 vinnudaga á vorönn 2008.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Skoða þarf hvort fjarvera starfsmanna tengist álagi í starfi.

Símenntun og starfsþróun

Símenntunaráætlun Langholtsskóla felur í sér námskeið um fjölmennningarlega kennslu og markvissa samvinnu. Námskeiðið er fyrir alla starfsmenn og hófst í ágúst 2008. Námskeiðið stendur í 35 tíma ásamt endurgjöf og handleiðslu. Ekki er gerð grein fyrir annarri símenntun í gögnum skólans en í viðtali við kennara kemur fram að margir starfsmenn stunda framhaldsnám með starfi.

Þær fullyrðingar í vinnustaðagreiningunni 2007 sem greina viðhorf til starfsþróunar, þjálfunar og fræðslu mælast með aðeins lægra gildi í Langholtsskóla en í grunnskólum almennt.

Fullyrðingin „Yfirmaður minn eða vinnufélagi hvetur mig til að þróast í starfi“ fær gildið 3,65 (3,76 í grunnskólum almennt). Einnig fær fullyrðingin „Ég fæ þá þjálfun og fræðslu sem nauðsynleg er til að standa mig vel í starfi“ gildið 3,46 (3,58 í öllum grunnskólum). Í viðhorfakönnuninni vorið 2008 fær skólinn gildið 3,87 við fullyrðingunni „Ég hef fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á síðustu 12 mánuðum“ (4,02 var heildarmeðaltalsgildið fyrir MSR). Í báðum könnunum 2007 og 2008 mælast þó viðhorf til þess hversu vel þjálfun og fræðsla hefur nýst í starfi aðeins hærri en heildarmeðatal grunnskóla/MSR.

⁷ Kennsluskyldu, 27 stundir á viku, er deilt á 5 daga.

⁸ Vetrarorlof og barnsburðarleyfi eru þá ekki með talin.

Í rýnihópum kom það fram að símenntun hefur verið sameiginleg fyrir kennara í vetur í CLIM-aðferðinni til að styrkja samvinnunám nemenda og einnig kom fram að nokkrir kennara væru í framhaldsnámi. Einnig hefur verið í gangi þróunarverkefni um sveigjanlegt námsmat á miðstigi. Það kom hinsvegar fram að það mætti vera meira af símenntunartilboðum fyrir almennt starfsfólk.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Símenntunaráætlun skólans fyrir skólaárið 2008-2009 tengist innleiðingu á stefnumótun skólans um fjölmennningarlega kennslu og markvissa samvinnu.
- Kennarar telja sig fá góð símenntunartækifæri innan skólans.
- Starfsfólk annað en kennarar telur sig ekki hafa mikil símenntunartækifæri.
- Starfsmenn aðrir en kennarar virðast ekki hafa fengið starfsþróunarsamtal sl. ár.

Stjórnun og skipulag

Skólastóri, aðstoðarskólastjóri vinna þétt saman að stjórnun skólans og hafa með sér mikið samráð í flestum málum. Þrír millistjórnendur starfa við skólann; deildarstjóri fyrir 1.-7. bekk í 80% starfi, einn fyrir unglingstigið í 65% starfi og einn deildarstjóri sérkennslu í 65% starfi. Stjórnendateymi, þ.e. deildarstjórar og skólastjórar funda vikulega. Fastir fundatímar í hverri viku, deildarfundir eru á mótum kennara- og starfsmannafundum einu sinni í mánuði. Teymisfundir eru um ákveðin verkefni og árgangafundir einu sinni í viku.

Verkaskipting skólastjóra er sveigjanleg en þó ákveðin verkefni sem þau hvort um sig sjá um, skólastjóri er með fjármál, ráðningarmál og byggingarmál, Mikill tími skólastjóra fer í byggingamálin. Aðstoðarskólastjóri sér um töflugerð, dagleg forföll og bæði eru þau í nemendaverndarráði og gjarnan saman í erfiðum nemenda- og starfsmannamálum, „erum bæði með púlsinn á skólastarfinu“. Skrifstofur þeirra eru samliggjandi og þau hafa mikil óformleg samskipti og upplýsingamiðlun. Þau eru sammála um að ákvarðanir taki þau sameiginlega.

Í foreldrakönnuninni vorið 2008 segjast tæp 79% foreldra vera ánægð með stjórnunina, þar af rúmlega 36% mjög ánægð. Meðaltalsánægjan er 4,1 en var 4,3 árið 2006. Meðaltalið í borginni er 4,0 og ánægja foreldra í Langholtsskóla með stjórnunina því yfir meðaltalinu.

Samskipti við stjórnendur hafa einnig verið góð að mati rýnihóps foreldra en fer þó misjafnt orð af því í einstaka tilvikum. „Annars eru þetta tveir ólíkir skólar algerlega eftir að skipt var um stjórnendur, gengur betur og betur með hverju ári ...“, segir foreldri.

Í viðhorfakönnuninni 2008 fær fullyrðingin „Mínum vinnustað/skóla er vel stjórnað“ aðeins herra gildi í Langholtsskóla en almennt á Menntasviði (3,91 miðað við 3,73 sem er heildarmeðaltalsgildi). Traust til næsta yfirmanns mælist líka hátt (gildið 4,44 miðað við 4,22 í grunnskólum almennt) og almennt er starfsfólk ánægt með samskiptin við næsta yfirmann (4,32 miðað við heildarmeðaltal 4,18) og fullyrðingin „Ákvarðanir eru teknar út frá faglegum forsendum á mínum vinnustað/skóla“ fær gildið 4,08 í vinnustaðagreiningunni 2007 sem er nokkuð herra en í grunnskólum almennt (3,87 er meðaltalsgildi allra grunnskóla).

Fullyrðingar er lúta að hrósi og hvatningu eru hinsvegar á aðgerðabili í könnunni 2008. Fullyrðingin „Ég fæ iðulega hvatningu frá næsta yfirmanni mínum“ fékk gildið 3,57 (3,58 heildarmeðaltal MSR) og „Mér er hrósað af mínum næsta yfirmanni þegar ég stend mig vel“

fékk gildið 3,38 (3,69 heildarmeðaltal MSR). Fullyrðingin „Mér finnst tekið tillit til skoðana minna og ábendinga um framkvæmd vinnunnar“ fær gildið 3,69 (3,88 heildarmeðaltal MSR).

Í rýnihópum kom fram að starfsfólk var almennt ánægt með samstarf og samskipti við stjórnendur. Deildarstjórar og skólastjórnendur telja kennara eiga að sér gott aðgengi og deildarstjórar taka mikið við erindum sem kennarar þurfa að beina til stjórnenda. Það kom fram í rýnihópum starfsmanna að almennt væri aðgengi að stjórnendum ágætt, skólastjórar væru hinsvegar oft uppteknir, t.d. vegna agamála. Kennarar í rýnihópum töldu sig almennt eiga gott samstarf við deildarstjóra sem væru mjög styðjandi en einhverjir nefndu að samstarf við skólastjóra væri lítið og að stjórnendateymið hefði fjarlægst kennara. Almennt fannst starfsmönnum að samráð mætti vera meira. Aðrir nefndu gott samstarf við skólastjórnendur og að vel væri tekið á málum.

Einhverjir starfsmanna í rýnihópum nefndu að lítið væri um persónulegt hrós, fólki væri meira þakkað yfir hópinn sem væri ekki endilega hægt að taka sem persónulegu hrósi. Það kom einnig fram að sumir starfsmanna töldu endurgjöf á störf sín ekki vera nægilega, hlusta mætti meira á starfsmenn og stjórnendur mættu vera sýnilegri.

Fullyrðingin „Upplýsingastreymi til starfsmanna á mínum vinnustað er gott“ mælist á aðgerðabili með lágt gildi 2,96 sem er umtalsvert lægra en heildarmeðaltal MSR (3,50).

Í rýnihópum kom fram að upplýsingastreymi þætti stopult, upplýsingar fengjust í gegnum tölvupóst en tölvukosturinn væri lélegur og þar að auki færu ekki allir í tölvupóstinn. Starfsmenn reyndar töluðu einnig um sína ábyrgð í þessu sambandi, þeir mættu oft vera duglegri að bera upplýsingar áfram. Kennarar nefndu að það bæri á því að þeir fengju ekki upplýsingar varðandi nemendur, t.d. hefði það komið fyrir að kennari fengi nýjan nemenda í bekk án þess að hafa fengið að vita af því fyrir fram.

Í viðhorfakönnuninni 2008 kom fram að 88,7% hefðu farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum. Stjórnendur skólans hafa skipt með sér starfsþróunarsamtölum. Í rýnihópum kom fram að kennarar hefðu fengið starfsþróunarsamtal á undanfögnu ári en það sama ætti ekki um aðra starfsmenn, t.d. hefði enginn skólaliði fengið slíkt samtal.

Nemendur hafa ekki mikið beint samband við skólastjóra eftir því sem fram kemur í rýnihópum, þekkja hann með nafni en ekki meir. Þau nefna deildarstjóra sem þann aðila sem t.d. kemur inn í bekk og talar við þau.

Stefna og áherslur Langholtsskóla eru aðgengileg í handbók skólans. Stefnan tekur mið af stefnu og sýn Reykjavíkurborgarinnar í menntamálum. Hún byggir á fimm meginstoðum:

- Nám við hæfi hvers og eins - markviss samvinna
- Skóla án aðgreiningar - jöfn tækifæri til náms
- Jákvæðri sjálfsmynd - góð andleg og líkamleg líðan
- Sjálfstæði skóla - gæði og fagmennska
- Náin tengsl skóla, foreldra og samfélags

(Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum 2008)

Áherslur Langholtsskóla 2008-2009 eru skv. handbókinni eftirtaldar:

- Skóli fyrir alla.
- Líðan nemenda – jákvæð samskipti.
- Árangur á öllum sviðum.

- Skapandi skólastarf.
- Fjölbreytni í viðfangsefnum og kennsluháttum.
- Fjölmennningarleg kennsla - Clim
- Útivist og hreyfing.
- Upplýsingatækni í öllu námi.
- Bætt skólasókn.
- Olweusarverkefni gegn einelti.
- Umhverfisstefna – Grænfáninn.

(Handbók Langholtsskóla 2008-2009)

Almennt virðast starfsmenn meta það sem svo að skólinn hafi sett sér nokkuð skýr markmið fyrir skólaárið. Í vinnustaðagreiningu árið 2007 fékk spurningin „Hversu skýr eða óskýr markmið hefur þinn vinnustaður/skóli sett sér fyrir þetta skólaár?“ gildið 3.72 sem er nálægt meðaltalsgildi allra grunnskóla við þessari spurningu (3,76). Einnig telja starfsmenn Langholtsskóla framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í menntamálum nokkuð skýra eða álíka og starfsmenn í grunnskólum borgarinnar í heild (fullyrðing þess efnis fékk gildið 3,10 í Langholtsskóla en meðaltalsgildið var 3,18 í öllum grunnskólum).

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Í foreldrakönnun vorið 2008 segjast tæp 79% foreldra vera ánægð með stjórnun skólans.
- Stefna Langholtsskóla er aðgengileg í *Handbók Langholtsskóla*.
- Starfsfólk er almennt ánægt með samstarf og samskipti við stjórnendur.
- Deildarstjórar eru sagðir styðja vel við störf kennara.
- Almennt telja starfsmenn að vanti upp á samráð milli stjórnenda og starfsmanna.
- Starfsmenn telja lítið vera um persónulegt hrós og endurgjöf á dagleg störf.
- Starfsmenn telja upplýsingastreymi ekki nægilegt.

Fjármál

Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun

Í stefnukorti Menntasviðs fyrir 2008 er markmiðið í viddinni fjármál: Góð og hagkvæm nýting og stýring fjármála.

Grunnskólar Reykjavíkur fá úthlutað fjármagni til reksturs samkvæmt reiknilíkani Menntasviðs þar sem helstu viðmið eru nemendafjöldi og stærð húsnæðis.

Skólum er gert að skila rekstraráætlun til fjármálaþjónustu Menntasviðs þar sem fram kemur hvernig þeim fjármunum sem skólinn fær til reksturs hvert fjárhagsár verður ráðstafað. Menntasvið yfirfer rekstraráætlun og metur hvort hún er innan fjárheimilda. Langholtsskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2008 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.

Fjárhagsleg staða skólans

Heildarfjárheimildir Langholtsskóla fyrir árið 2007 voru að upphæð 455.580 þús. kr., þar með er talin úthlutun til sérkennslu, kennslu nýbúa, sérdeildar einhverfra. Við uppgjör ársins 2007 var staða Langholtsskóla sú að uppsöfnuð skuld skólans við borgarsjóð nam um 4.6 millj.kr. Ætlast er til að skólinn bregðist við því með aðhaldi á árinu 2008 og jafni út skuldina.

Að sögn skólastjóra hefur endurnýjunarþörf á gögnum og búnaði verið mikil enda skólinn orðinn gamall. Stoðþjónusta og sérdeild hafa einnig tekið til sín töluvert.

Langholtsskóli er einn þeirra skóla sem fengu viðbótarúthlutun fjármagns haustið 2008 vegna félagslega erfiðra aðstæðna í skólahverfinu.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Greining

Styrkleikar: Ánægja foreldra með skólastarfið er meiri en í skólum borgarinnar að meðaltali og hefur farið vaxandi undanfarin ár. Svipað er að segja um ánægju foreldra með stjórnun skólans. Starfsfólk er almennt ánægt á vinnustaðnum og starfsandi góður. Nám og kennsla í yngri deildum er fjölbreytt. Samskipti einkennast af jákvæðni og hlýju.

Veikleikar: Hlutfall nemenda sem segja að þeim líði alltaf eða oftast vel í skólanum er lægra en í borginni að meðaltali. Árangur nemenda í lestri í 2. bekk er lakari en meðalárangur í grunnskólum Reykjavíkur. Bæta þarf samráð stjórnenda og starfsmanna og upplýsingastreymi.

Ögranir: Vinnuumhverfi nemenda og kennara hefur verið erfitt undanfarin ár vegna byggingaframkvæmda og endurbóta á húsi og lóð. Skólinn fær aðeins til sín um 80% af nemendahópnum í skólahverfinu.

Tækifæri: Mörg þróunarverkefni hafa verið unnin við skólann undanfarin ár, sóknarfæri liggja í því að festa þau í sessi og sjá til þess að þau nái til allra aldurshópa. Sóknarfæri er einnig í því að gæði kennslu séu jöfn yfir allan skólann.

Samantekt ábendinga

Skólastarf

Nám og kennsla

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Árangur nemenda í lestri í 2. bekk 2008 er lakari en meðalárangur í grunnskólum Reykjavíkur. Sama á við um árið 2006.
- Sóknarfæri er fyrir skólann að bæta árangur nemenda í lestri.
- Langholtsskóli hefur ekki verið þátttakandi í stærðfræðiskimun grunnskóla Reykjavíkur.
- Nemendum fer eðlilega fram í námi í íslensku og stærðfræði milli 7. og 10. bekkjar og milli 4. og 7. bekkjar samkvæmt framfarastuðlum í samræmdum prófum.
- Námskrár og kennsluáætlanir fyrir árganga í öllum greinum eru birtar á heimasíðu skólans, þær eru hluti af skólanámskrá og eru kynntar foreldrum í námskynningum að hausti.
- Kennsluáætlanir og/eða heimavinnuáætlanir eru gerðar fyrir hvern mánuð og afhentar nemendum og foreldrum.
- Nemendur gera sér ekki eigin námsáætlanir.

Nemendur og líðan

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- 63% nemenda í 5.-7. bekk líður alltaf eða oftast vel í kennslustundum skv. könnun 2007 sem er undir meðaltali í borginni (69%).
- Einelti hefur aukist um 3% milli ára skv. könnun, en áður hafði dregið úr því.
- Yngri nemendum líður almennt vel í skólanum en eldri nemendum ekki alltaf.
- Nemendur tala vel um kennarana sína, en eru gagnrýnin á suma þeirra.
- Skemmtilegast finnst nemendum í íþróttum og listasmiðju.
- Í september hefur ekki verið kosið í stjórn nemendafélags fyrir skólaárið 2008-2009.
- Nemendaráð hefur ekki fundað með skólastjórnendum eða fjallað um skólastarf og faglega þætti.
- Virkja þyrfti stjórn nemendafélags í skólastarfinu og vinna að auknu nemendalýðræði.
- Nemendur þekkja skólareglur og virða þær.

- Bekkjarreglur eru uppi við í sumum skólastofum en ekki öllum.
- Almennt er góður vinnufriður og agi í kennslu, en órói skapast við verkefnaskil.
- Marka þarf skýrar stefnu skólans í hegðunarmálum og setja í skýrari farveg hvernig tekið er á málum.
- Skoða þarf hvað veldur því að einstaka bekkir skera sig úr með viðveru og hvort tengsl eru við árangur nemenda.

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Í könnun vorið 2008 segjast 83% foreldra barna í Langholtsskóla vera ánægð með skóla barnanna sem er heldur herra en í grunnskólum borgarinnar að meðaltali og mun herra en þegar fyrst var mælt árin 2000 og 2002.
- Foreldrar telja æskilegt að gera meira af því að opna skólann fyrir foreldrum.
- Reglulegir fundir hafa verið með skólastjórnendum og foreldraráði.
- Engar upplýsingar eru um starfsemi foreldrafélags á heimasíðu skólans né upplýsingar um skólaráð/foreldraráð.
- Foreldrum mætir almennt gott viðmót í skólanum og þeir eiga í góðum samskiptum við flesta kennara.
- Kennarar meta samskipti við foreldra nokkuð lægra en í grunnskólum almennt og lægra en í fyrri mælingum.
- Samstarf og upplýsingamiðlun milli kennara og foreldra er misjöfn eftir kennurum.
- Tryggja þarf að upplýsingamiðlun til foreldra sé regluleg, markviss og góð í öllum bekkjardeildum.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Almennt virðist skólinn kominn lengra í viðhorfum og stefnumótun en í framkvæmd einstaklingsmiðaðs náms.
- Í flestum tímum sem heimsóttir voru í vettvangsathugun voru nemendur að vinna að sama verkefni á sama tíma.
- Í list- og verkgreinum vinna nemendur að ólíkri útfærslu sama grunnverkefnis.
- Í námskrám kemur fram áhersla á fjölbreyttar leiðir í námi sérstaklega í yngri deildum
- Vettvangsnótur vitna um fjölbreytt viðfangsefni á yngsta stigi, gott skipulag, styrka bekkjarstjórnun og jákvæð og hlýleg samskipti nemenda og kennara.
- Skólastofur eru útbúnar sem sérgreinastofur í unglingadeild og nemendur fara á milli stofa.
- Kennsluhættir virðast almennt hefðbundnir, nemendur eru allir að vinna að sama verkefni á sama tíma og einstaklingslega.
- Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt.
- Fjölbreytt framboð er á valgreinum í 9.-10. bekk, en ekki kemur fram hverjar eru kenndar.
- Í námskrá greina og bekkja er óvída fjallað um námsmat. Ekki er að finna upplýsingar um námsmat í *Handbók Langholtsskóla*.
- Vinna þarf að því að þróunarverkefni um sveigjanlegt námsmat komi fram í námskrám og nái til fleiri greina og árganga.
- Skimanir eru markvisst lagðar fyrir nemendur með sérþarfir en ekki ljóst að hve miklu leyti sérkennsla byggir á þeim.
- Deildarstjóri sérkennslu skipuleggur kennsluna og starf stuðningsfulltrúa

- Mikið álag er á starfsfólki í sérkennslu.
- Sérkennsla fer að mestu fram í námsverum utan bekkjar.
- Ekki er fastur kennari við námsver á unglingastigi.
- Lausnateymi er ekki virkt við skólann.
- Í einhverfudeild Langholtsskóla eru sjö starfsmenn og níu nemendur. Unnið er samkvæmt TEAACH aðferðinni – skipuleg vinnubrögð og mikil áhersla lögð á sjónrænar vísbendingar.
- Allir nemendur einhverfudeildar fara út í bekk, mismikið, með eða án fylgdar starfsmanns deildarinnar.

Skólaþróun og mat

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Sjálfsmatsskýrsla er ekki birt á heimasíðu en liggur fyrir í möppu. Þar er lýst vinnu að sjálfsmati í Langholtsskóla og sett fram umbótaáætlun fyrir skólaárið 2006-2007.
- Helstu áherslur í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2006-2007 eru settar fram undir fimm áhersluþáttum í starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar og tilgreind viðbrögð og aðgerðir, ábyrgð, tímaáætlun og mælikvarði á árangur hverrar aðgerðar.
- Ekki kemur fram að hve miklu leyti umbótaaðgerðir hafa skilað tilætluðum árangri.
- Við heildarmat haustið 2008 liggur ekki fyrir uppfærð umbótaáætlun skólans.
- Fjöldmörg þróunarverkefni í skólastarfi hafa verið unnin í Langholtsskóla undanfarin ár.

Virk upplýsingamiðlun

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Heimasíða skólans er uppfærð reglulega og fréttir færðar inn. Síðan er ný, grípandi og aðgengileg.
- Góðar upplýsingar eru á heimasíðu um ýmis þróunarverkefni skólans.
- Ítarlegri upplýsingar vantar um mikilvægar hliðar skólastarfsins sem kynntar eru í handbók skólans.
- Ekki fundust upplýsingar um móttöku og kennslu nýbúa né upplýsingar á öðrum tungumálum.
- Ekki eru upplýsingar um sjálfsmat Langholtsskóla á heimasíðunni.
- Í skólanámskrá Langholtsskóla er tekið á flestum þáttum sem samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga að birtast í skólanámskrá og þeim sem samkvæmt starfsáætlun Reykjavíkurborgar skal setja fram.
- Gefnar eru út náms- og kennsluáætlanir fyrir hvern árgang og hverja námsgrein.
- Nokkra þætti vantar að fjalla um í skólanámskránni, s.s. móttökuáætlun fyrir innflytjendur, jafnréttisáætlun og tengsl við grenndarsamfélagið.

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Langholtsskóli er Grænánaskóli og hefur verið það frá vori 2005.
- Nokkrar óánægju gætir hjá starfsfólki og foreldrum með húsnæði og aðbúnað í Langholtsskóla svo og skólalóðina.
- Ánægja foreldra með aðstöðu nemenda til að matast reyndist meiri í könnun árið 2008 en í fyrri könnunum.
- Neyðaráætlun og rýmingaráætlun vantar og skilgreina þarf viðbrögð og útgönguleiðir og setja upp í húsnæði skólans.
- Leita þarf leiða til að draga úr hávaða í matsal.

Mannauður

Starfsmenn og líðan

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Starfsfólk er almennt ánægt í Langholtsskóla og góður starfsandi virðist vera á vinnustaðnum.
- Streita og álag í starfi eykst milli ára 2005 og 2007.
- Samvinna innan stiga er góð og áhugi fyrir því að þróa frekar teymisstarf.
- Töluverð hópaskipting er sögð vera á vinnustaðnum og samskipti mættu vera meiri á milli hópanna.
- Almennt telur starfsfólkið starfsmannafundi ekki vera vel nýtt sem umræðu- og samráðsfundi.
- Starfsfólk telur sig eiga gott samstarf við foreldra.
- Taka þarf upp fræðslu og umræðu um jafnrétti og hvað þarf til að allir njóti jafnræðis í skólanum.
- Starfsfólk hefur athugasemdir varðandi aðbúnað í skólanum, m.a. vantar skjávarpa, tölvur og hátalarakerfi fyrir kennara og aðstöðu fyrir starfsfólk í eldhúsi.
- Skoða þarf hvort fjarvera starfsmanna tengist álagi í starfi.
- Símenntunaráætlun skólans fyrir skólaárið 2008-2009 tengist innleiðingu á stefnumótun skólans um fjölmenningslega kennslu og markvissa samvinnu.
- Kennarar telja sig fá góð símenntunartækifæri innan skólans.
- Starfsfólk annað en kennarar telur sig ekki hafa mikil símenntunartækifæri.
- Starfsmenn aðrir en kennarar virðast ekki hafa fengið starfsþróunarsamtal sl. ár.

Stjórnun og skipulag

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Í foreldrakönnun vorið 2008 segjast tæp 79% foreldra vera ánægð með stjórnun skólans.
- Stefna Langholtsskóla er aðgengileg í *Handbók Langholtsskóla*.
- Starfsfólk er almennt ánægt með samstarf og samskipti við stjórnendur.
- Deildarstjórar eru sagðir styðja vel við störf kennara.
- Almennt telja starfsmenn að vanti upp á samráð milli stjórnenda og starfsmanna.
- Starfsmenn telja lítið vera um persónulegt hrós og endurgjöf á dagleg störf.
- Starfsmenn telja upplýsingastreymi ekki nægilegt.

Fjármál

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Heimildir

Einsetning grunnskóla Reykjavíkur 1994-2002. 2002. Reykjavík: Fasteignastofa Reykjavíkurborgar, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Handbók Langholtsskóla 2008-2009. Reykjavík: Langholtsskóli.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Niðurstöður lesskímunar í 2. bekk. Langholtsskóli vorið 2007. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Skólanámskrá Langholtsskóla 2007-2008. Reykjavík: Langholtsskóli.

Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2007. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorf foreldra til skólastarfs í grunnskólum. 2008. Langholtsskóli. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorfsskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2008. Langholtsskóli. Reykjavík: Mannauðsskrifstofa.

Vinnustaðagreining Capacent Gallup fyrir Grunnskóla Reykjavíkur 2007. Langholtsskóli – kynning mars-apríl 2007.

www.langholtsskoli.is

Fylgiskjöl

1. Langholtsskóli og skólahverfi
2. Matstæki um einstaklingsmiðað nám
3. Vettvangsathuganir
4. Gátlisti um skólanámskrá
5. Gátlisti um heimasíðu
6. Gátlisti um skólareglur